


Kjaratölfræði

Vorskýrsla 2025



Vorskýrsla 2025

Kjaratölfræðinefnd

Nefndina skipa:

Hrafnhildur Arnkelsdóttir	formaður
Einar Mar Þórðarson	fjármála- og efnahagsráðuneyti
Helgi Aðalsteinsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Hildur Erna Sigurðardóttir	Hagstofa Íslands
	forsætisráðuneyti
Oddur S. Jakobsson	Kennarasamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	BSRB
Sigrún Brynjarsdóttir	Bandalag háskólamanna
Vignir Örn Hafþórsson	félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Þórir Gunnarsson	Alþýðusamband Íslands
Arnaldur Sölvi Kristjánsson	Sérfræðingar
og Henný Hinz	
CiRKUS	Hönnun og uppsetning

www.ktn.is

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Efnahagsmál	7
1.1. Samantekt	7
1.2. Hagþróun	8
1.3. Verðlag	11
1.4. Vextir	13
1.5. Fjármál hins opinbera	14
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni	15
1.7. Fjárhagsstaða heimila	19
2. Vinnumarkaður	21
2.1. Samantekt	21
2.2. Þróun vinnumarkaðar	21
2.3. Búferlaflutningar og atvinnuþátttaka	24
3. Laun og launaþróun	32
3.1. Samantekt	32
3.2. Launaþróun	32
3.3. Kaupmáttur launa	36
3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka	37
3.5. Launastig	38
3.6. Launadreifing	40
4. Kjarasamningar	43
4.1. Samantekt	43
4.2. Helstu kjarasamningar 2024	43
4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá	53
5. Laun eftir heildarsamtökum	54
5.1. Inngangur	54
5.2. ASÍ	54
5.3. BHM	57
5.4. BSRB	59
5.5. KÍ	62
Viðaukar	64

Samantekt

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

Laun, launaþróun og kjarasamningar

- Kjarasamningar til ársins 2028 hafa verið undirritaðir fyrir nær allt launafólk, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, í yfirstandandi samningalotu sem hófst í febrúar 2024.
- Flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir á tímabilinu frá mars og fram í júní 2024 og meginþorri samninga á opinberum markaði á síðari hluta þess árs. Síðasti stóri samningurinn sem gerður var í lotunni var sameiginlegur samningur ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög KÍ sem er nýlunda.
- Í heildina má áætla að gerðir hafi verið nærri 250 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að Kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu og var félagsfólk á kjörskrár stéttarfélaga í þessum samningum tæplega 189.000.
- Almennt var í samningunum farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru launahækkanir því hlutfallslega mestar á lægri laun. Sameiginlegur kjarasamningur ríkis og sveitarfélaga við aðildarfélög KÍ er frábrugðinn öðrum samningum sem gerðir hafa verið í lotunni. Hann byggði á innanhússtillögu ríkissáttasemjara, sem felur í sér framlengingu á kjarasamningum aðila til ársins 2028 og að unnið verði að virðismatskerfi sem lagt verði til grundvallar launasetningu kennara.
- Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum liggja fyrir fram til janúar 2025 og er töluverður munur á hækkunum milli markaða frá upphafi samningalotunnar til þess tíma.
- Laun hafa hækkað mest á almenna markaðnum, þar sem tvær kjarasamningsbundnar hækkanir komu til framkvæmda, en minna á opinberum markaði, þar sem aðeins ein hækkun var á tímabilinu og samningum kennara var ólokið. Önnur hækkun á opinberum vinnumarkaði kom til framkvæmda í apríl 2025 og samningum kennara lauk í febrúar sem ekki endurspeglast í gögnum KTN nú.
- Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði um 10,2% á tímabilinu frá janúar 2024 til janúar 2025, en hækkunin nam 5,7% hjá ríki og Reykjavíkurborg og 6,1% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.
- Að teknu tilliti til verðlagsþróunar hafði kaupmáttur grunntímakaups í janúar 2025 aukist um 4,2% frá upphafi samningalotunnar. Á almennum vinnumarkaði var kaupmáttaraukningin 5,3%, hjá ríki og Reykjavíkurborg 1,0% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 1,4%.
- Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 845 þúsund krónur árið 2024. Lítil munur er á meðaltali grunnlauna og reglulegra launa á almennum markaði og hjá ríkinu en meðaltal heildarlauna er hæst hjá ríkinu.
- Áhersla á krónutöluhækkanir í kjarasamningum á undanförunum árum, sem skiluðu hlutfallslega mestri hækkun lægstu launa, leiddi til þess að munur á hæstu og lægstu launum á vinnumarkaði dróst saman og tíundastuðlar lækkuðu markvert á árunum 2019-2022. Á síðustu tveimur árum hefur sú þróun haldið áfram á opinberum vinnumarkaði en lítilsháttar viðsnúningur orðið á almennum markaði.

Efnahags- og vinnumarkaðsmál

- Í fyrra hægði á efnahagsumsvifum og landsframleiðsla dróst saman um 0,7% í kjölfar mikils vaxtar undanfarin ár. Spáð er hóflegum hagvexti í ár og að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum.
- Dregið hefur jafnt og þétt úr verðbólgu sem mælist nú 3,8%. Verðbólguvæntingar eru enn yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans þó heldur hafi dregið úr þeim og spár gera ráð fyrir að verðbólga verði nær óbreytt út árið.
- Þrátt fyrir lækkun stýrivaxta úr 9,25% í 7,5% frá árslokum 2024 hafa raunvextir lítið breyst.
- Afkoma hins opinbera án vaxtatekna og -gjalda var jákvæð um 0,6% af landsframleiðslu í fyrra. Stefnt er að batnandi afkomu og lækkun skulda á næstu árum og að heildarafkoma hins opinbera verði í jafnvægi árið 2027.
- Framleiðni vinnuafls hér á landi jókst um 1,5% að meðaltali á ári á tímabilinu 2019–2024 sem er mesti vöxtur á Norðurlöndum. Á árunum 2022–2024 hækkaði launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins, í heild um 1,6 prósentustig en mismikið eftir atvinnugreinum. Mest var hækkunin í stóriðju.
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um 2,7% árið 2023 og 2,8% í fyrra, sem er mun meira en kaupmáttur launa. Háir vextir og verðhækkanir hafa þrengt að mörgum heimilum undanfarin misseri en fjárhagsstaða heimilanna er heilt yfir sterk og vanskil lítil í sögulegu tilliti.
- Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði með hægari efnahagsumsvifum. Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgar hægar en verið hefur og færri fólki með erlendan bakgrunn kemur til landsins. Atvinnuástandið er áfram gott og atvinnuþátttaka mikil, þó heldur hafi dregið úr henni.
- Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flytja til landsins sveiflast töluvert eftir efnahags- og atvinnuástandinu. Á síðustu tveimur áratugum er töluverð fylgni milli hagsveiflna og búferlaflutninga, þannig að þegar hægist um í efnahagslífinu dregur úr flutningi fólks til landsins. Vísbendingar eru nú um minni búferlaflutninga til landsins.
- Þátttaka fólks á vinnumarkaði er nokkuð ólík eftir aldurskeiðum og aðstöðu en heilt yfir hefur hagsveiflan mun meiri áhrif á hlutfall starfandi hjá fólki undir fertugu en þeirra sem eldri eru. Hlutfall starfandi námsmanna hefur aukist talsvert frá aldamótum en hlutfall starfandi öryrkja hefur haldist nokkuð stöðugt.
- Munur á hlutfalli starfandi kvenna og karla er meiri meðal þeirra sem eru með ung börn á framfæri en í öðrum hópum. Þó dregið hafi úr þeim mun á síðustu áratugum og hlutfall starfandi kvenna með ung börn hafi hækkað, er enn mun meiri munur á atvinnuþátttöku kynjanna í þessum hópi en hjá þeim sem ekki hafa börn á framfæri.

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Enn fremur á forsætisráðuneyti sæti í nefndinni en það sæti er ekki fyllt að svo stöddu. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingar nefndarinnar eru hagfræðingarnir Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Henný Hinz. Kjaratölfræðinefnd vinnur með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar.

Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er tíunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Í vorskýrslu nefndarinnar árið 2025 er að þessu sinni fjallað um yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024. Alls eru kaflar skýrslunnar fimm; efnahagsmál, vinnumarkaður, laun og launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamningar yfirstandandi samningalotu og talnaefni um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Auk þess eru fjórir viðaukar sem gera grein fyrir gögnum, grunnhugtökum og skipulagi íslensks vinnumarkaðar.

Samhliða útgáfu skýrslunnar opnar nefndin nýjan vef ktn.is þar sem finna má skýrslur nefndarinnar, kynningar og ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun.

1. Efnahagsmál

1.1. Samantekt

Í fyrra hægði á efnahagsumsvifum og landsframleiðsla dróst saman um 0,7% í kjölfar mikils vaxtar undanfarin ár. Viðsnúninginn má meðal annars rekja til hægari vaxtar í ferðaþjónustu eftir hraðan uppgang síðustu ár. Þrátt fyrir að tekið sé að hægja á efnahagsumsvifum eru vísbendingar um að enn sé nokkur kraftur í innlendra eftirspurn. Spár gera ráð fyrir hóflegum hagvexti í ár og að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum.

Dregið hefur jafnt og þétt úr verðbólgu undanfarin misseri og mælist hún nú 3,8%. Hjöðnun verðbólgu síðasta hálfa árið skýrist einkum af minni hækkun húsnæðisliðar. Seðlabanki Íslands spáir því að verðbólga hjaðni hægar en áður var talið og verði nær óbreytt út árið. Dregið hefur úr umsvifum á íbúðarmarkaði og hækkun íbúðarverðs sem m.a. skýrist af því að áhrif af íbúðakaupum Grindvíkinga hafa fjarað út, minni búferlaflutningum til landsins og háu vaxtastigi. Stýrivextir hafa lækkað úr 9,25% í 7,5% frá árslokum 2024. Frekari lækkun vaxta er háð því að verðbólga færist nær 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans. Þrátt fyrir lækkun vaxta hafa raunvextir ekki lækkað að sama skapi og verðtryggðir vextir fasteignalána hafa því ekki lækkað til jafns við óverðtryggða vexti.

Afkoma hins opinbera án vaxtatekna og -gjalda, frumjöfnuður, var jákvæður um 0,6% af landsframleiðslu í fyrra og stefnt að batnandi afkomu og lækkun skulda á næstu árum. Aðhaldsstig ríkisfjármála verður þannig lítillega jákvætt og horfur á að heildarafkoma hins opinbera verði í jafnvægi árið 2027 en áformaðar eru aðgerðir bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga.

Á árunum 2019–2024 jókst framleiðni vinnuafis að meðaltali um 1,5% á ári en talsverður munur er á þróun milli atvinnugreina. Mestur hefur framleiðnivöxtur á tímabilinu verið í ferðaþjónustu, verslun og þjónustugreinum. Framleiðnivöxtur hér á landi hefur verið sá mesti á Norðurlöndunum undanfarin ár, en í öðrum norrænum ríkjum þróaðist framleiðni á bilinu -0,3% til 1% að meðaltali á ári á tímabilinu.

Á árunum 2022–2024 hækkaði launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpun hagkerfisins, í heild um 1,6 prósentustig en mismikið eftir atvinnugreinum. Mest var hækkunin í stóriðju.


Háir vextir og verðhækkanir hafa þrengt að mörgum heimilum undanfarin misseri en fjárhagsstaða heimilanna er heilt yfir sterk. Eignastaða er að meðaltali góð og skuldir viðráðanlegar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um 2,7% árið 2023 og um 2,8% í fyrra, sem er mun meira en kaupmáttur launa og vanskil eru lítil í sögulegu tilliti. Aukin greiðslubyrði vegna hárar vaxta jók sókn heimila í verðtryggð lán en dregið hefur úr þeirri þróun undanfarið, m.a. vegna þess að verðtryggðir vextir hafa haldist háir og vegna hertra skilyrða lánastofnanna vegna verðtryggðra útlána.

1.2. Hagþróun

Í fyrra hægði á efnahagsumsvifum og dróst landsframleiðsla saman um 0,7% sem er verulegur viðsnúningur frá árunum á undan þegar hagvöxtur var umtalsverður. Vegna fólksfjölgunar dróst landsframleiðsla á mann enn meira saman á árinu 2024, eða um 2,5%. Frá árslokum 2023 hefur hagvöxtur verið neikvæður eða lítilllega jákvæður en talsverð breyting varð á fyrsta ársfjórðungi þessa árs þegar landsframleiðsla óx um 2,6% sem skýrist einkum af aukinni fjármunamyndun. Spár gera ráð fyrir tiltölulega litlum hagvexti í ár en að hagkerfið leiti jafnvægis á næstu árum með hagvexti í kringum 2,5%. Hagvaxtarspár fyrir komandi ár hafa heldur lækkað undanfarið m.a. vegna óvissu í alþjóðamálum.


Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði sem birtist meðal annars í því að starfandi fólki fjölgar nú minna en á síðustu árum, dregið hefur úr eftirspurn fyrirtækja eftir starfsfólki og atvinnuleysi hefur aukist lítillega. Þá hefur dregið úr aðflutningi til landsins, en líkt og fjallað er nánar um í vinnumarkaðskafla stjórnast búferlaflutningar að miklu leyti af stöðu efnahagsmála og gefa því nokkra vísbendingu um hver spenna er á vinnumarkaði.

Mynd 1.1. Verg landsframleiðsla og verg landsframleiðsla á mann (visitala 2019 = 100) (vinstri) og hagvöxtur ásamt spá Seðlabanka Íslands 2025-2027 (hægri)



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.


Þrátt fyrir að tekið sé að hægja á efnahagsumsvifum eru vísbendingar um að enn sé nokkur kraftur í innlendri eftirspurn. Það má til að mynda merkja af kortaveltutölum og innlánnum, sem gefa til kynna áframhaldandi vöxt í einkaneyslu. Þó að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði hefur atvinnuleysi aukist lítið og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila vaxið þó nokkuð þrátt fyrir hóflegan hagvöxt. Mat heimila á stöðu efnahags- og atvinnulífs samkvæmt væntingavísitölu Gallup hefur batnað undanfarin misseri og eru fleiri heimili nú bjartsýn en svartsýn á efnahagshorfur, sjá mynd 1.2. Væntingar fyrirtækja um stöðu og horfur í efnahagslífinu hafa einnig batnað.

Mynd 1.2. *Væntingavísitala Gallup gagnvart núverandi stöðu og til framtíðar, meðaltal ársfjórðunga, 2014–2025*

Skýringar: Þegar væntingavísitala Gallup er yfir 100 eru fleiri jákvæðir og efhún er lægri eru fleiri neikvæðir gagnvart núverandi efnahagsaðstæðum, væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði, mati á núverandi ástandi í atvinnumálum, væntingum til ástands í atvinnumálum og til heildartekna eftir 6 mánuði.

Heimild: Gallup.

Hagvöxtur var meiri á Norðurlöndunum og evrusvæðinu en á Íslandi í fyrra. Á Íslandi og í Finnlandi dróst landsframleiðsla á mann saman en jókst á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu. Mestur hagvöxtur var í Danmörku, en þar jókst landsframleiðsla á mann um 3,2%. Á árunum 2021–2023 var hagvöxtur hér á landi nokkuð meiri en á hinum Norðurlöndunum og á evrusvæðinu, sem má að hluta rekja til þess að fólksfjölgun hefur verið töluvert meiri á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Þegar tekið er tillit til þróunar mannfjöldans reynist minni munur á þróun landsframleiðslu milli landa.

Mynd 1.3. *Alþjóðlegur samanburður á þróun landsframleiðslu (vinstri) og landsframleiðslu á mann (hægri), vísitala (2019 = 100)*


Heimild: Eurostat.

Hagvöxt hér á landi á árunum 2021–2023 má að töluverðu leyti rekja til mikils vaxtar í ferðaþjónustu í kjölfar endurreisnar greinarinnar eftir heimsfaraldur og minni hagvöxt í fyrra má að sama skapi einkum rekja til þess að framlag ferðaþjónustu dróst saman. Þegar horft er til framlags einstakra atvinnugreina til hagvaxtar, mynd 1.4. til hægri, má sjá að framlag ferðaþjónustunnar og tengdra greina var að meðaltali 4% árin 2022–2023, sem jafngildir um helmingi af samanlögðum hagvexti þessara tveggja ára og er langt umfram hlutdeild greinarinnar af umsvifum í hagkerfinu í heild.¹

1 Vægi ferðaþjónustunnar var 14,9% árið 2024. Hér er byggt á víðari skilgreiningu en einkennandi greinar ferðaþjónustu Hagstofunnar, sjá viðauka I.

Einkaneysla var einn af megindirifkröftum hagvaxtar á árunum 2021 og 2022, sem skýrist einkum af miklum aðflutningi fólks til landsins, auknum kaupmætti og uppsöfnuðum sparnaði heimila. Árin 2021–2022 má rekja riflega helming hagvaxtar til aukinnar einkaneyslu en verulega hægði á vexti einkaneyslu á árunum 2023 og 2024 og nam árlegur vöxtur þá 0,5%–0,6%. Í fyrra var framlag fjármunamyndunar og samneyslu til hagvaxtar jákvætt á meðan framlag utanríkisviðskipta var neikvætt, sem má m.a. rekja til minni vaxtar í ferðapjónustu.

Mynd 1.4. Hagvöxtur og framlag undirliða, vöxtur landsframleiðslu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri (vinstri) og vöxtur þáttatekna samkvæmt framleiðsluuppgjöri (hægri)




Skýringar: Framlagundirliða leggst saman þannig að summa undirliða er jöfn hagvexti. Skýringu á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er skilgreint sem opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Ráðstöfunaruppgjör byggir á endurskoðuðum þjóðhagsreikningum, Endurskoðun framleiðsluuppgjörs var ekki lokið við útgáfu skýrslunnar og því er frávik á hagvexti á vinstri og hægri mynd.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ferðapjónustan, sem stóð undir stórum hluta hagvaxtar á undanförunum árum, er talsvert sveiflukennd atvinnugrein sem erfitt getur reynst að spá um þróun á, m.a. vegna áhrifa ýmissa ófyrirséðra þátta eins og náttúruhamfara, efnahagsþróunar í helstu viðskiptalöndum eða tískustraura. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu hingað til landsins síðustu 12 mánuði hefur verið nokkuð stöðugur frá ársbyrjun 2024, eða um 2,2 milljónir. Það sama á við um fjölda gistinátta, sem hafa alls verið um 9,5 milljón yfir 12 mánaða tímabil. Bókunarstaða sumarsins hjá flugfélögunum gefur til kynna að staðan sé betri en í fyrra. Óvissa vegna aðgerða Bandaríkjastjórnar á alþjóðaviðskipti gæti þó dregið úr komum ferðamanna frá Bandaríkjunum, sem eru um fjórðungur ferðamanna hingað til lands. Útflutningur til Bandaríkjanna nam 22% í fyrra þar sem þjónustuútflutningur vegur þyngst. Seðlabankinn spáir því að fjöldi erlendra ferðamanna í ár verði svipaður og á árinu 2024.

Mynd 1.5. *Erlendir farþega og gistinætur, 12 mánaða uppsafnaður fjöldi einstaklinga og heildarfjöldi gistingu í milljónum*




Heimild: Ferðamálastofa og Hagstofa Íslands.

1.3. Verðlag

Verðbólga mældist 3,8% í maí 2025 og hefur hjaðnað jafnt og þétt frá ársbyrjun 2023, þegar hún fór hæst í 10,2%. Dreigið hefur hægar úr verðbólgu í ár en undanfarin tvö ár og skýrist hjöðnun verðbólgu síðasta hálfa árið einkum af minni hækkun húsnæðisliðar. Verðbólga án húsnæðis mældist 2,7% í maí og hefur verið nær óbreytt frá því í september 2024.

Verðbólga hefur gengið hægar niður en væntingar stóðu til og verið nokkuð umfram spár síðustu misseri. Þrátt fyrir að dreigið hafi úr spennu í hagkerfinu og búast megi við að slaki myndist, hafa verðbólguvæntingar ekki lækkað til samræmis líkt og vonir stóðu til. Seðlabanki Íslands spáir nú að verðbólga hjaðni hægar en áður var vænst, verði nær óbreytt á þessi ári og fari hægt lækkanði niður í 2,9% í árslok 2026.

Mynd 1.6. *Verðbólga með og án húsnæðisliðar (vinstri) og framlag undirliða til verðbólgu (hægri), árin 2019–2025*




Skýringar: *án áfengis, tóbaks og bensíns, **án búvöru og grænmetis.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Frá ársbyrjun 2023 hefur verðbólga hér á landi verið meiri en á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu, en heldur dró þó úr muninum á verðbólgu milli landanna í fyrria. Verðbólga mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs, sem er án húsnæðisliðar, er nú um 1–2 prósentustigum hærri hér á landi en á hinum Norðuröndunum og evrusvæðinu. Á þann mælikvarða hefur verðbólga hér verið stöðug síðasta hálfa árið en aukist lítillega í hinum löndunum.

Mynd 1.7. *Alþjóðlegur samanburður á verðbólgu mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs janúar 2019–apríl 2025 (vinstri) og árshækkun á raunvirði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019–4. ársfjórðungur 2024 (hægri)*



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Húsnæði hefur verið megindrifkraftur verðbólgunnar síðustu ár. Íbúðaverð hækkaði töluvert í fyrra og var árshækkun allt að 12%. Umsvif í tengslum við íbúðakaup Grindvíkinga höfðu talsverð áhrif á húsnæðismarkaði í fyrra, en fjöldi kaupsamninga á landinu jókst mikið á fyrri hluta ársins vegna þessa. Nokkuð hægði á umsvifum á síðari hluta ársins þegar dró úr fasteignaviðskiptum að nýju og hafa þau haldist stöðug það sem af er árinu. Samhliða því hefur dregið úr hækkun íbúðaverðs, sjá mynd 1.8, íbúðum til sölu farið fjölgandi og meðalsölutími lengst. Seðlabankinn spáir því að hækkun íbúðaverðs hafi náð hámarki í byrjun þessa árs. Dregið hefur úr búferlaflutningum til landsins og háir verðtryggðir vextir dregið úr eftirspurn eftir húsnæði, samhliða því sem lánveitendur hafa þrengt lánaskilyrði, sem eykur aðhald umfram lánþegaskilyrði Seðlabanka Íslands. Húsnæðisverð hækkaði að raunvirði meira hér á landi en á hinum Norðurlöndunum á árunum 2022–2024. Munurinn var sérstaklega mikill árið 2022, þegar árshækkun raunverðs var yfir 10% um mitt árið hér á landi, á sama tíma og raunverð lækkaði á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 1.8. *Ársbreytingar húsnæðisverðs (vinstri) og ársbreyting leiguverðs (hægri), janúar 2019–apríl 2025*



Heimild: Hagstofa Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Leiguverð hækkaði töluvert á árinu 2024, eða um 12,1% frá fyrra ári, sem jafngildir 5,9% hækkun að raunvirði. Húsnæðisverð hækkaði nokkuð meira en leiguverð árið 2022 en viðsnúningur varð á árinu 2023, þegar leiguverð hækkaði umfram húsnæðisverð. Frá ársbyrjun 2024 hefur þróun leiguverðs og íbúðaverðs verið svipuð. Útlit er fyrir að nýjum íbúðum fjölgi svipað í ár og verið hefur síðustu ár. Í fyrra fjölgaði nýjum íbúðum um 3.600 og eru horfur á að þeim fjölgi um 3.100–3.600 á þessu ári. Fólki sem starfar í byggingariðnaði hefur haldið áfram að fjölga undanfarið og er fjölgunin enn umfram það sem almennt er á vinnumarkaði, þó að heldur hafi dregið úr þeirri fjölgun það sem af er árinu. Hlutfall lausra starfa er einnig nokkuð meiri í byggingariðnaði en almennt á vinnumarkaði, þó svo nú muni minna en verið hefur.


1.4. Vextir

Stýrivextir hafa lækkað jafnt og þétt frá árslokum 2024 úr 9,25% í 7,5%. Síðast voru vextir lækkaðir um 0,25 prósentustig í maí. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans, sem gefin var út í tengslum við síðustu vaxtalækkun, kemur fram að nefndin telji að spennan í þjóðarþúinu hafi minnkað en að áfram sé nokkur þróttur í efnahagsumsvifum, sem endurspeglast m.a. í kortaveltu, launahækkunum og verðbólguvæntingum. Einnig telur nefndin að verðbólguþrýstingur sé enn til staðar og að aðstæður til lækkunar raunvaxta hafi ekki skapast. Frekari lækkun vaxta er að mati peningastefnunefndar háð því að verðbólga færist nær verðbólguþrýstingnum (2,5%).

Væntingar heimila, fyrirtækja og markaðsaðila um verðlagsþróun geta haft áhrif á ákvarðanir og þróun verðbólgu. Lagt er mat á verðbólguvæntingar með nokkrum leiðum og fylgist peningastefnunefnd Seðlabankans grannt með þróun þeirra og hefur hliðsjón af við vaxtaákvarðanir sínar. Verðbólguvæntingar samkvæmt öllum mælikvörðum hafa undanfarið verið yfir verðbólguþrýstingnum Seðlabankans, bæði til skemmri og lengri tíma, þó heldur hafi dregið úr þeim.

Ein aðferð við mat á verðbólguvæntingum heimila, fyrirtækja og markaðsaðila til lengri og skemmri tíma er í gegnum reglulega spurningakönnun Seðlabankans. Samkvæmt henni eru væntingar enn þær að verðbólga verði yfir verðbólguþrýstingnum Seðlabankans, bæði til skemmri og lengri tíma, en heimilin hafa verið heldur svartsýnni á verðlagsþróunina en fyrirtæki og markaðsaðilar.

Mynd 1.9. *Alþjóðlegur samanburður á stýrivöxtum (vinstri) og raunstýrivöxtum út frá liðinni verðbólgu (hægri)*



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Annar mælikvarði á verðbólguvæntingar er munur á óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum á skuldabréfamarkaði, svokallað verðbólguálag. Líkt og verðbólguvæntingar heimila, fyrirtækja og markaðsaðila er verðbólguálag á skuldabréfamarkaði einnig yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans. Álagið lækkaði töluvert í fyrra en hefur verið tiltölulega stöðugt það sem af er árinu.

Framvirkir vextir á fjármálamarkaði gefa vísbendingu um þróun stýrivaxta á komandi misserum. Sé horft til væntinga á markaði, eins og þær birtast í framvirkum vöxtum, gefa þær til kynna að stýrivextir lækki hægt á næstu misserum og verði enn kringum 7% í árslok 2026.

Raunvextir eru það afgangur sem greitt er fyrir lán að teknu tilliti til verðlagsþróunar og eru alla jafna taldir betri mælikvarði en nafnvextir á aðhald peningastefnunnar. Hægt er að meta raunvexti bæði út frá liðinni verðbólgu og út frá verðbólguvæntingum. Á árunum 2019–2022 var verðbólga hærri en stýrivextir og raunstýrivextir því neikvæðir hér á landi, líkt og hjá seðlabönkum helstu viðskiptalanda Íslands, sjá mynd 1.9.² Samspil hærri stýrivaxta og höðununar verðbólgu á árinu 2023 leiddi víðast til hærri raunvaxta. Þrátt fyrir að stýrivextir hafi síðustu ár verið nokkuð hærri hér á landi en í okkar helstu viðskiptalöndum, er munur á raunstýrivöxtum minni en á nafnvöxtum.

Raunstýrivextir hér á landi hafa frá miðju ári 2024 verið nokkuð stöðugir þrátt fyrir lækkun stýrivaxta og hefur lækkunin skilað sér í lægri vöxtum óverðtryggðra íbúðalána, en verðtryggðir vextir hafa hins vegar haldist nokkuð háir í sögulegu tilliti.

1.5. Fjármál hins opinbera

Afkoma hins opinbera var neikvæð um 84 ma.kr. í fyrra, sem samsvarar 1,8% af landsframleiðslu og útlit er fyrir að afkoman batni um 41 ma.kr. í ár. Svokallaður frumjöfnuður, sem mælir afkomu hins opinbera³ án vaxtatekna og -gjalda, var jákvæður um 0,6% í fyrra og áætlað er að hann verði jákvæður um 1,0%–1,2% árin 2025 og 2026 samkvæmt fjármálaáætlun.

Aðhald í opinberum fjármálum er mælikvarði á áhrif hins opinbera á efnahagsumsvif, en aukið aðhald dregur að óbreyttu úr umsvifum í hagkerfinu. Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins var lítil breyting á aðhaldi í opinberum fjármálum árin 2022 og 2023, en mikill slaki var á árum heimsfaraldurs. Aðhald opinberra fjármála var rúmlega 1% af landsframleiðslu árið 2024 en tæplega 3% sé litið fram hjá útgjöldum vegna Grindavíkur.⁴ Útlit er fyrir að aðhald verði 3% af landsframleiðslu í ár, en nokkuð meira sé litið hjá útgjöldum vegna Grindavíkur. Þá hafa mótvægisaðgerðir vegna heimsfaraldurs nú runnið sitt skeið. Samkvæmt fjármálastefnu nýrrar ríkisstjórnar er stefnt að því að draga úr hallarekstri og stuðla að lækkun opinberra skulda til þess að styðja við lækkun verðbólgu og vaxta. Samkvæmt fjármálaáætlun dregur úr útgjaldavexti á næstu árum. Aðhaldsstig verður þannig lítilllega jákvætt og horfur á að heildarafkoma hins opinbera verði í jafnvægi árið 2027. Áformaðar eru aðgerðir bæði á tekju- og gjaldahlið. Hagræða á í rekstri ríkisins, endurskoða verkefni og gera kerfisbreytingar sem skila eiga auknu aðhaldi. Á tekjuhlið er m.a. áformuð gjaldtaka af nýtingu auðlinda, aðgerðir til að bæta skattskil og breytt fyrirkomulag skattlagningar á ökutæki og eldsneyti.


2 Hér er miðað við raunstýrivexti út frá liðinni verðbólgu. Raunstýrivextir út frá verðbólguvæntingum voru einnig neikvæðir 2020–2022 og hafa hækkað frá ársbyrjun 2023.

3 Með afkomu er átt við heildartekjur að frádregnum heildarútgjöldum.

4 Með aðhaldsstigi opinberra fjármála er hér vísað í bata á hagsveifluleiðréttum frumafkomu A1-hluta hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu, svokallað skuldahlutfall, hækkaði um 13 prósentustig á árunum 2019–2021 og hefur haldist nær óbreytt síðan. Þó gert sé ráð fyrir aðhaldsömum ríkisfjármálum gerir fjármálaáætlun ráð fyrir að skuldahlutfallið lækki lítið á næstu árum, sjá mynd 1.10.

Mynd 1.10. Afkoma hins opinbera (% af vergri landsframleiðslu), 2019–2027 (vinstri) og skuldir hins opinbera skv. skuldareglu (% af landsframleiðslu), 2019–2027 (hægri)



Heimild: Fjármálaáætlun.

Afkoma sveitarfélaga hefur farið batnandi síðustu ár eftir hallarekstur í kjölfar heimsfaraldurs. Það má einkum merkja á því að veltufé frá rekstri er nú nokkuð betra en það var á árum heimsfaraldurs. Áætlað er að það verði 7,4% árið 2024, 7,9% árið 2025 og batni svo enn frekar næstu ár. Almenn er talið að sveitarfélag þurfi veltufé sem nemur um 9% af tekjum til að rekstur þess teljist sjálfbær.⁵ Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna, þ.e. mismunur tekna og útgjalda, var neikvæð um sem nemur 0,2% af tekjum árið 2023 og gera áætlanir ráð fyrir að afkoman verði jákvæð um 1,4% árin 2024–2025. Skuldastaða sveitarfélaganna hefur einnig batnað, en skuldahlutfall þeirra fór úr 114% af tekjum í 109% á milli árunum 2022 og 2024 og útlit er fyrir að skuldahlutfallið fari í 111% í ár.

1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni


Framleiðnivöxtur, þ.e. vöxtur framleiðslu á hverja vinnustund, er helsti drifkraftur aukins kaupmáttar og lífskjarabata til lengri tíma lítið. Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma, umfram framleiðnivöxt þjóðarþúsins og umfram önnur ríki, mun að öðru óbreyttu stuðla að hærri verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega. Á heildina lítið jókst framleiðni vinnuaflds um 2,1% á árinu 2023 og dróst lítillega saman í fyrra. Nokkrar sveiflur eru að jafnaði í þróun á framleiðni milli ára, en sé horft yfir sex ára tímabil frá 2019 til 2024 jókst framleiðni í hagkerfinu að meðaltali um 1,5% á ári.

5 Með sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar bæði til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Veltufé frá rekstri sýnir hvaða fjármunir eru til staðar til greiðslu afborgana og lána til fjárfestinga eftir að reikningar vegna daglegs rekstrar hafa verið greiddir.

Töluverður munur er á framleiðnivexti milli atvinnugreina. Sé starfsemi sem einkum er á vegum hins opinbera⁶ undanskilin, jókst framleiðni hagkerfisins um 1,9% að meðaltali á síðustu sex árum. Mestur hefur framleiðnivöxtur á tímabilinu verið í ferðaþjónustu, verslun og þjónustugreinum. Í atvinnugreinum tengdri ferðaþjónustu hafa verið miklar sveiflur í framleiðni síðustu ár. Í heimsfaraldri var framleiðniþróun neikvæð (-28% árið 2020) en í kjölfarið varð viðsnúningur og framleiðni tók að aukast í greininni og jókst á heildina litið umfram það sem verið hafði fyrir heimsfaraldur. Þessi þróun gekk þvert á atvinnugreinar innan ferðaþjónustu, t.d. ferðaskrifstofur, leigustarfsemi og farþegaflutninga. Minnstur framleiðnivöxtur hefur á liðnum árum verið í iðnaði og byggingarstarfsemi. Í samanburði við hin Norðurlöndin var framleiðnivöxtur síðastliðinn áratug mestur hér á landi.

Á fyrri hluta tímabilsins, árin 2015–2018, var vöxturinn áþekkur í Danmörku og hér á landi en á seinni hluta tímabilsins, árin 2019–2024, var framleiðnivöxtur meiri hér á landi en í öllum nágrannaríkjunum.

Mynd 1.11. *Framleiðnivöxtur eftir atvinnugrein (vinstri) og alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti (hægri)*




Skýringar: Á vinstri mynd er framleiðnivöxtur skilgreindur sem breyting þáttatekna á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, en á hægri mynd sem breyting á landsframleiðslu á vinnustund á föstu verðlagi milli ára. Skýringar á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er hins vegar í höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum, þ.e. launahlutfallið sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, var 61% í fyrra og hækkaði um 0,5 prósentustig milli ára. Á kjarasamningstímabilinu 2019–2022 lækkaði launahlutfallið í hagkerfinu í heild um 2,2 prósentustig og lækkaði í öllum atvinnugreinum, en þó mismikið. Launahlutfallið lækkaði mest á þessu tímabili í iðnaði og byggingarstarfsemi, en minnst í sjávarútvegi. Í ferðaþjónustu lækkaði launahlutfallið á heildina litið, en sveiflaðist mikið í heimsfaraldrinum. Á tímabilinu 2022–2024 jókst launahlutfallið mest í iðnaði og byggingarstarfsemi, sem skýrist að miklu leyti af hækkun launahlutfallsins í stóriðju samhliða lækkandi álverði. Gera má ráð fyrir að launahlutfall í stóriðju sveiflist að verulegu leyti í takt við álverð, þannig að þegar álverð fer hækkandi og afkoma batnar má gera ráð fyrir að hlutdeild launa lækki og öfugt. Þannig lækkaði launahlutfallið í stóriðju á árunum 2020–2022, þegar álverð hækkaði töluvert á heimsmarkaði.

6 Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila.


Raungengi á mælikvarða launa mælir þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu í sameiginlegum gjaldmiðli í samanburði við önnur lönd, sem er einn mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfisins. Það er samsett úr hlutfallslegum launakostnaði og gengi. Raungengi á mælikvarða launa gefur til kynna hvort laun fari hækkandi eða lækkandi í samanburði við önnur lönd, að teknu tilliti til breytinga á gengi gjaldmiðla og segir þannig til um hvort að dýrara sé orðið að framleiða vöru á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Hlutfallslegur launakostnaður á Íslandi samanborið við helstu viðskiptalönd okkar hefur sveiflast nokkuð síðustu ár, en heilt yfir farið hækkandi frá árslokum 2020. Á móti vegur sú staðreynd að gengi krónunnar hefur veikst. Þegar gengi krónunnar veikist lækka hlutfallsleg laun mæld í erlendum gjaldmiðlum og þar með lækkar raungengið og samkeppnishæfni Íslands batnar. Sé horft til síðustu ára hefur raungengi á mælikvarða launa verið tiltölulega stöðugt frá ársbyrjun 2022. Í sögulegu samhengi hefur raungengið verið hátt á undanfórnum árum, en í fyrra var raungengið að meðaltali 19% hærra en meðalraungengi frá árinu 1991.

Mynd 1.12. *Launahlutfall (vinstri) og raungengi og hlutfallslegur launakostnaður á framleidda einingu, hagkerfið alls (visitala 1. ársfjórðungur 2019 = 100) (hægri)*



Skýringar: Launahlutfall er hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum. Raungengi miðað við hlutfallsleg laun. Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.


Mynd 1.13. *Launahlutfall eftir atvinnugreinum árin 2019–2024*



Skýringar: Launahlutfall er hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum. Skýringar á atvinnugreinaflokkun má sjá í viðauka I. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er hins vegar í höndum einkaaðila. Heimild: Hagstofa Íslands.

Á árunum 2023–2024 var launakostnaður á unna stund hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum, mældur í samræmdum gjaldmiðli, en á árunum fyrir 2023 var hann hæstur í Noregi. Síðustu ár hafa Danmörk, Noregur og Ísland verið með hæst laun á þennan mælikvarða.⁷ Breyting á launakostnaði í sama gjaldmiðli er annar mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfa. Launakostnaður á unna stund mældur í heimagjaldmiðli hefur hækkað mest hér á landi af Norðurlöndunum á undanförunum árum. Á árunum 2019–2024 hækkaði tímakaup að meðaltali um 6,6% hér á landi samanborið við 2,4%–4,5% í nágrannaríkjunum. Á árunum 2019–2024 veiktist gengi krónunnar, einkum í kjölfar heimsfaraldurs, þannig að launahækkanir í erlendum gjaldmiðli urðu minni. Launahækkanir mældar í sama gjaldmiðli voru engu að síður meiri en í nágrannaríkjunum á tímabilinu. Þegar launabreytingar eru mældar í Bandaríkjadöllum, eru árlegar launahækkanir á hinum Norðurlöndunum minni, sem skýrist einkum af styrkingu Bandaríkjadals gagnvart evru.


Mynd 1.14. *Meðallaunakostnaður á unna vinnustund í evrum (vinstri) og árleg hækkun á meðallaunakostnaði á vinnustund í heimagjaldmiðli, Bandaríkjadöllum og evrum 2019–2024 (hægri)*



Heimild: Eurostat og OECD.

Viðskiptakjör, þ.e. hlutfall milli útflutningsverðs og innflutningsverðs, versnuðu árið 2023 um 5,8% frá fyrra ári, einkum vegna lækkunar á álverði og öðrum vöruútflutningi. Árið 2024 bötnuðu viðskiptakjör um 0,7%, einkum vegna hækkandi álverðs.

Mynd 1.15. *Vísitala viðskiptakjara, innflutningsverð og útflutningsverð, 2019–2024 (1. ársfjórðungur 2019 = 100)*



Heimild: Seðlabanki Íslands.


7 Þegar launakostnaður á unna stund er mældur út frá launarannsókn er launakostnaður hæstur í Noregi á tímabilinu 2018–2024. Sá mælikvarði undanskilur atvinnugreinar þar sem hið opinbera er einkennandi og tekur einungis tillit til fyrirtækja með 10 eða fleira starfsfólk.

1.7. Fjárhagsstaða heimila

Háir vextir og verðhækkanir hafa þrennt að mörgum heimilum undanfarin misseri. Greiðslubyrði fasteignalána hefur hækkað, hlutfallslega meira hjá yngra fólki sem er að jafnaði skuldsettara en þeir sem eldri eru. Þá hefur leiguverð einnig farið hækkanði, auk þess sem leigjendur hafa ekki notið bættrar eiginfjárstöðu vegna ört hækkanði fasteignaverðs. Fjárhagsstaða heimilanna er hins vegar heilt yfir sterk. Eignastaða er að meðaltali góð og skuldir viðráðanlegar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst þó nokkuð árin 2023 og 2024 og vanskil eru lítil í sögulegu tilliti.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækkaði um 2,7%–2,8% árin 2023–2024. Á árunum 2021–2024 jukust tekjur á mann að meðaltali um 8,6% á ári, en hærri vaxtagjöld og verðhækkanir leiddu til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkaði minna. Í fyrra hækkuðu tekjur á mann um 6,2% en hækkanir á gjöldum og verðlagi vega á móti og jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 2,8%. Ráðstöfunartekjur heimila eru allar tekjur (laun, eignatekjur, lífeyrir o.fl.) að fráðregnum gjöldum (vaxtagjöldum, sköttum o.fl.). Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna skýrist þannig ekki eingöngu af launaþróun, en sé eingöngu horft til þróunar launa og verðlags hefur kaupmáttur launa aukist mun minna en kaupmáttur ráðstöfunartekna síðustu árin.

Mynd 1.16. *Breyting milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og kaupmætti launavísitölu, 2014–2024 (vinstri) og skuldir heimila sem % af eignum og ráðstöfunartekjum (hægri)*




Heimild: Hagstofa Íslands.

Eignastaða heimilanna er heilt á litið sterk og skuldir viðráðanlegar. Á tímabilinu 2020–2023 jukust eignir og tekjur heimilanna hlutfallslega umfram skuldir, sjá mynd 1.16, og hélt sú þróun áfram í fyrra með lækkun á raunvirði skulda á sama tíma og raunverð húsnæðis hækkaði. Skuldir heimilanna lækkuðu að sama skapi í hlutfalli við landsframleiðslu og eru sögulega lágar sé horft til síðustu áratuga. Hlutfall lána til heimila í vanskilum hjá stóru viðskiptabönkunum hefur aukist lítillega frá seinni hluta árs 2022, en er nokkuð lægra en á árunum 2018–2019 og áfram lágt í sögulegu tilliti.

Óverðtryggðir vextir í búðalána hafa lækkað samhliða lækkandi stýrivöxtum. Lægstir voru breytilegir óverðtryggðir vextir 3,5% hjá viðskiptabönkunum á fyrri hluta árs 2021, en samsvarandi vextir eru nú tæplega 10%. Verðtryggðir vextir hafa haldist háir undanfarn misseri eins og rætt er um að ofan. Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila með búðalán hækkuðu úr 8,1% árið 2021 í 10,8% árið 2023 og breyttust lítið árið 2024. Talsverður munur er þó á vaxtabyrði eftir aldurhópum og hækkuðu vaxtagjöld mun meira hjá ungu fólki og minna hjá eldri hópum sem almennt skulda minna. Hjá fólki 30 ára og yngra hækkuðu vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum úr 11,2% í 17,2%, en hjá aldurshópnum 51–65 ára hækkaði hlutfallið úr 7,3% í 9,8%. Greiðslubyrðarhlutfall, sem segir til um greiðslubyrði fasteignalána í hlutfalli við ráðstöfunartekjur, hjá nýjum fasteignalántakendum hefur hækkað undanfarið ár. Í apríl 2024 var hlutfallið að meðaltali 26,9% en er nú 30,6%. Hlutfall heimila með greiðslubyrðarhlutfall yfir 35% hefur einnig hækkað.

Um 36% allra fasteignalána til heimila eru óverðtryggð og þar af eru 49% á föstum vöxtum í tiltekinn tíma. Vextir af 55% þessara lána koma til endurskoðunar á árunum 2025 og 2026, en þeir vextir sem þau bera eru mun lægri en þau vaxtakjör sem nú bjóðast hjá lánastofnunum. Að óbreyttu er því viðbúið að greiðslubyrði þeirra heimila sem skulda slík lán hækki umtalsvert í kjölfar vaxtaendurskoðunar.

Mynd 1.17. *Fjárhæðir í búðalána í milljörðum króna eftir því hvort og hvenær vextir koma til endurskoðunar (vinstri) og samsetning nýrra fasteignalána (hægri)*



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Sókn í verðtryggð lán jókst samhliða lækkandi vöxtum. Frá miðju ári 2023 hefur meirihluti nýrra búðalána verið verðtryggður. Færsla frá óverðtryggðum yfir í verðtryggð lán dregur úr greiðslubyrði en hægir hins vegar á eignamyndun þegar verðbólga er mikil. Í árslok 2024 fór hlutfall nýrra lána sem eru verðtryggð lækkandi á ný og er nú 61%, sjá mynd 1.17. Minni sókn í verðtryggð lán nú má m.a. skýra með því að verðtryggðir vextir hafa haldist háir og með hertum skilyrðum bankanna vegna verðtryggðra útlána.

Um 64% af öllum búðalánum heimilanna eru nú verðtryggð, sem er þó talsvert lægra hlutfall en fyrir heimsfaraldur, þegar hlutdeild verðtryggðra lána var um 70%, en lægst var hlutdeild þeirra rétt undir 40% á árinu 2022.

2. Vinnumarkaður

2.1. Samantekt

Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum undanfarið. Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgar nú hægar en verið hefur, dregið hefur lítillega úr fjölda starfandi í ferðapjónustu og færra fólk með erlendan bakgrunn kemur til landsins. Atvinnuleysi er áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil, þó að dregið hafi lítillega úr henni. Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum, þó enn áformi fleiri stjórnendur að fjölga fólki en að fækka.

Innflytjendum á vinnumarkaði hefur fjölgað hratt undanfarinn áratug. Almennt flyst fólk búferlum til landsins vegna atvinnu og þeir sem hingað koma eru langflestir á vinnualdri. Um helmingur þeirra sem fluttust hingað til lands með erlent ríkisfang á árunum 2012 til 2024 er fólk á aldrinum 25–45 ára.

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flytja til landsins sveiflast töluvert eftir efnahags- og atvinnuástandinu hverju sinni. Þegar horft er til síðustu tveggja áratuga er töluverð fylgni milli hagsveiflna og búferlaflutninga, þannig að þegar hægist um í efnahagslífinu dregur úr flutningi fólks til landsins. Vísbendingar eru nú um minni búferlaflutninga til landsins.

Þátttaka fólks á vinnumarkaði er nokkuð ólík eftir aldurskeiðum og aðstöðu, en heilt yfir hefur hagsveiflan mun meiri áhrif á hlutfall starfandi hjá fólki undir fertugu en þeirra sem eldri eru. Hlutfall starfandi námsmanna hefur aukist talsvert frá aldamótum, en hlutfall starfandi öryrkja hefur haldist nokkuð stöðugt.

Hlutfall karla í starfi er almennt hærra en meðal kvenna, en hlutfall starfandi karla sveiflast að jafnaði meira en kvenna. Munur á hlutfalli starfandi kvenna og karla er meiri meðal þeirra sem eru með ung börn á framfæri en í öðrum hópum. Þó dregið hafi úr þeim mun á síðustu áratugum og hlutfall starfandi kvenna með ung börn hafi hækkað, er enn mun meiri munur á atvinnuþátttöku kynjanna í þessum hópi en hjá þeim sem ekki hafa börn á framfæri.

2.2. Þróun vinnumarkaðar

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuleysi á Íslandi lágt og hlutfall starfandi hátt. Einnig er vinnutími tiltölulega stuttur, meðallaun eru há og launadreifing lítil hér á landi líkt og á öðrum Norðurlöndum í alþjóðlegum samanburði.⁸

Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði eftir því sem hægt hefur á efnahagsumsvifum undanfarið. Starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgar nú hægar en verið hefur, starfandi fólki í ferðapjónustunni hefur fækkað lítillega og færra erlent starfsfólk kemur til landsins. Atvinnuleysi er áfram lágt og atvinnuþátttaka mikil, þó að dregið hafi lítillega úr henni.


8 Í vorskýrslu 2024 KTN má finna upplýsingar um þessi atriði.

Hægt hefur á fjölgun starfandi á vinnumarkaði undanfarið ár, sé horft til staðgreiðslugagna.⁹ Í mars síðastliðnum störfuðu 0,3% fleiri á vinnumarkaði en í mars 2024, sem er minni fjölgun en árið áður, þegar starfandi fólki fjölgaði um 4,3%. Síðan 2006 hefur starfandi fólki á vinnumarkaði fjölgað um tæplega 2% á ári og vísbendingar um að tekið sé að hægja á því nokkuð skýrar.¹⁰

Megnið af þeim sem komið hafa inn á vinnumarkaðinn á síðustu árum er erlent launafólk og fjölgunina undanfarið ár má alfarið rekja til innflytjenda, sjá mynd 2.1.

Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár og hefur hlutféild þeirra af starfandi farið úr 17% á árinu 2021 í um 24%, sem er hærra hlutféild en fyrir heimsfaraldur, þegar tæplega fimmtungur starfandi voru innflytjendur. Sé litið til síðustu tveggja áratuga, hefur hlutféild innflytjenda á vinnumarkaði farið úr 6% í ársbyrjun 2005, en tók að hækka nokkuð hratt eftir miðjan síðasta áratug, sjá mynd 2.5.

Mynd 2.1. *Hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi, 12 mánaða vöxtur (vinstri) og hlutfallsleg breyting í fjölda starfandi eftir bakgrunni, 12 mánaða vöxtur (hægri)*




Skýringar: Fjöldi starfandi úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er út frá árstíðarleiðréttri leitni. Á hægri mynd er byggt á staðgreiðsluskram.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Undanfarin ár hefur dregið úr fjölgun starfandi, bæði í hópi þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn og innflytjenda. Meðal þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn má einkum rekja þá þróun til þess að nú fækkar störfum lítillga í ferðaþjónustu, þar sem fólk með erlendan bakgrunn er hlutfallslega fleira. Hjá innflytjendum má einkum rekja minni fjölgun starfandi í ár til ferðaþjónustunnar og að einhverju leyti til byggingarstarfsemi, þar sem innflytjendur eru einnig hlutfallslega fjölmennir. Innflytjendum á vinnumarkaði fjölga enn, þó verulega hafi hægt á fjölguninni, á meðan að fólki með íslenskan bakgrunn fækkar á vinnumarkaði.

9 Fjölgun starfandi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn hefur sýnt meiri fjölgun frá því í byrjun 2024. Það kann að skýrast af minni svörun innflytjenda í könnuninni.

10 Tólf mánaða breyting byggt á mánaðargögnum á tímabilinu janúar 2006 til mars 2024.

Mynd 2.2. Ársfjölgun starfandi í þúsundum meðal launafólks með íslenskan bakgrunn (vinstri) og meðal innflytjenda (hægri), 1. ársfjórðungur 2015 til 1. ársfjórðungur 2025




Skýringar: Byggt á staðgreiðslugögnum. Ferðaþjónusta vísar til einkennandi greina ferðaþjónustu. Hið opinbera til atvinnugreinanna opinber stjórnarsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði á síðustu mánuðum. Um 4.800 störf voru skráð laus á fyrsta ársfjórðungi 2025 hjá Hagstofu Íslands, sem eru 2.100 færri störf en ári áður. Þekktur mælikvarði á spennu á vinnumarkaði er hlutfall lausra starfa á móti fjölda atvinnulausra. Við hlutfall yfir einum eru fleiri laus störf en fjöldi atvinnulausra. Á öðrum ársfjórðungi 2024 var hlutfallið 1,0, en þá var fjöldi lausra starfa svipaður og fjöldi atvinnulausra. Hlutfallið hefur lækkað með minnkandi spennu á vinnumarkaði og var komið niður í 0,4 á fyrsta ársfjórðungi þess árs. Í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu er fjöldi lausra starfa að jafnaði minni en fjöldi atvinnulausra og hlutfallið því undir einum. Fleiri stjórnendur fyrirtækja áforma nú að fjölga starfsfólki en að fækka þeim.¹¹ Um 29% hyggjast fjölga starfsfólki, en 13% að fækka. Stjórnendum sem hyggjast fjölga starfsfólki fækkaði jafnt og þétt frá árslokum 2022 til ársloka 2024, en hlutfalli sem hyggst fjölga fólki jókst á ný undir lok árs í fyrra. Þá telur fjórðungur stjórnenda nú vera skort á starfsfólki, sem er nálægt langtíma meðaltali, en það hlutfall hefur farið stöðugt lækkað frá öðrum ársfjórðungi 2022, þegar það nam 53%.

Mynd 2.3. Laus störf, 1. ársfjórðungur 2019–1. ársfjórðungur 2025 (vinstri) og hlutfall fyrirtækja sem telja skort vera á starfsfólki, punktalína er meðaltal 2013–2025 (hægri)




Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

11 Samkvæmt könnun Gallup á viðhorfi stjórnenda í 400 stærstu fyrirtækjum landsins.

Atvinnuleysi er að jafnaði metið á tvo mælikvarða. Annars vegar út frá þeim einstaklingum sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og hins vegar út frá Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands, sem framkvæmd er með spurningakönnun með úrtaki úr þjóðskrá allt árið um kring. Atvinnuástandið hefur verið gott undanfarin ár, spurn eftir vinnuafli verið mikil og atvinnuþátttaka aukist frá því heimsfaraldri lauk. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,9% í apríl, sem er 0,3 prósentustigum meira en á sama tíma í fyrra, sjá mynd 2.4. Mælt atvinnuleysi í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var 3,8% í apríl 2025, sem er 0,4 prósentustigum meira en á sama tíma ári áður.¹²

Mynd 2.4. Atvinnuleysi (vinstri) og atvinnuþátttaka (hægri), 2019–2025



Skýringar: Skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun, mælt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

2.3. Búferlaflutningar og atvinnuþátttaka

Búferlaflutningar og hagsveifla

Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað umtalsvert frá aldamótum. Einkum hefur fjölgunin verið hröð undanfarinn áratug. Í upphafi aldarinnar voru innflytjendur 3% af íbúum hér á landi, en eru nú tæplega fimmtungur landsmanna. Hlutfall þjóðarinnar með erlent ríkisfang er heldur hærra en í öðrum Evrópulöndum.

Innflytjendur hér á landi eru langflestir frá Evrópska efnahagssvæðinu. Ríkisborgarar innan svæðisins eiga rétt á að búa og starfa innan svæðisins án sértaks atvinnuleyfis. Þrátt fyrir að Ísland hafi verið hluti af Evrópska efnahagssvæðinu frá árinu 1994, komu fáir hingað á þeim forsendum fyrir 2004, þegar tíu ný lönd gengu í Evrópusambandið, einkum ríki Austur-Evrópu, og hafa flestir sem hingað hafa flutt komið frá þeim löndum. Frá 1990 til 2004 voru aðfluttir umfram brottflutta með erlent ríkisfang að meðaltali um 600 á ári, en um 3.300 á ári eftir 2004.


Almennt flyst fólk búferlum til landsins vegna atvinnu og þeir sem hingað koma eru langflestir á vinnualdri. Um helmingur þeirra sem fluttust hingað til lands með erlent ríkisfang á árunum 2012 til 2024 er fólk á aldrinum 25–45 ára, sem er mun hærra hlutfall en fólk á þessum aldri af mannfjöldanum öllum (31%). Karlar eru einnig mun fleiri en konur í hópi innflytjenda, sem skýrist meðal annars af því að innflytjendur starfa í mun meira mæli í atvinnugreinum þar sem karlar eru í miklum meirihluta.

12 Hér er miðað við leitni atvinnuleysis samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn til að jafna sveiflur.

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flytja til landsins sveiflast töluvert eftir efnahags- og atvinnuástandinu hverju sinni. Skipta má tímabilinu eftir aldamót í þrennt þar sem innflytjendum hefur fjölgað hratt í uppgangi en fjölgað lítið eða fækkað þegar hægst hefur á í efnahagslífinu og eftirspurn eftir starfsfólki minnkað. Fyrsta tímabilið má telja árin 2005 til 2008, þegar mikil eftirspurn var eftir vinnuafli hér á landi og fyrsta stóra bylgja innflytjenda kom eftir stækkun Evrópusambandsins. Næstu bylgju má rekja til efnahagsuppbyggingar á árunum eftir fjármálahrunið, 2012 til 2019, þegar spurn eftir vinnuafli jókst mikið, einkum í ferðapjónustu og byggingastarfsemi, og sú þriðja kemur svo í kjölfar mikils vaxtar eftir heimsfaraldur á árunum eftir 2021.

Töluverð fylgni er því milli hagsveiflunnar og búferlaflutninga.¹³ Ef hægja fer á efnahagslífinu líkt og spáð er, sjá umfjöllun í kafla 1.2., þá má búast við því að dragi úr fjölgun innflytjenda. Vísbendingar um þetta sjáum við nú, en í lok síðasta árs dró úr fjölguninni og sú þróun hélt áfram á fyrstu mánuðum ársins 2025, sjá mynd 2.5.

Mynd 2.5. Aðfluttir umfram brottflutta eftir ríkisfangi í þúsundum 1990–2024 og hlutfall innflytjenda af íbúum, árin 2000–2024



Skýringar: Aðfluttir umfram brottflutta árið 2025 er einungis fyrir fyrsta ársfjórðunginn.
Heimild: Hagstofa Íslands.


Búferlaflutningar sveiflast í takt við hagsveifluna og geta þannig aukið sveigjanleika vinnumarkaðarins. Þegar eftirspurn eftir vinnuafli er mikil flytjast innflytjendur til landsins og spenna á vinnumarkaði verður minni en ella. Að sama skapi dregur úr aðflutningi þegar atvinnuástandið versnar, sem hefur í för með sér að atvinnuleysi verður minna en annars hefði orðið. Það má því segja að búferlaflutningar dragi úr sveiflum á vinnumarkaði og geti þannig aukið efnahagslegan stöðugleika yfir tíma. Á móti kemur hins vegar að þegar innflytjendum fjölgar eykst eftirspurn eftir húsnæði og ýmissi þjónustu, sem m.a. getur leitt til hækkunar fasteignaverðs og aukið eftirspurn eftir vinnuafli í byggingarstarfsemi.

13 Sjá umfjöllun í Fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands 2/2024.

Atvinnuþátttaka

Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi á vinnumarkaði sveiflast að jafnaði í takt við hagsveifluna, en þegar horft er framhjá henni hefur þátttaka á vinnumarkaði hér á landi verið nokkuð stöðug síðustu áratugi. Atvinnuþátttaka er skilgreind sem sá hluti mannfjöldans á aldrinum 16–74 ára sem er á vinnumarkaði, annað hvort starfandi eða atvinnulaus, en starfandi teljast allir þeir sem eru í vinnu óháð vinnutíma og starfshlutfalli. Hlutfall starfandi er skilgreint sem sá hluti mannfjöldans á aldrinum 16–74 ára sem er í starfi óháð starfshlutfalli. Atvinnuleysi, sem mælir hlutfall vinnuaflsins sem er án atvinnu, sveiflast einnig í takt við hagsveifluna, en þegar horft er hjá hagsveiflunni virðist atvinnuleysi heldur hafa farið vaxandi hér á landi á síðustu tveimur áratugum.

Mynd 2.6. Hlutfall starfandi og atvinnuþátttaka (vinstri), atvinnuleysi 2000(hægri), árin 2000–2024, punktalínur eru meðaltal 2000–2024




Skýringar: Hlutfall starfandi sem er sá hluti mannfjöldans á aldrinum 16–74 ára sem er í starfi en atvinnuþátttaka er sá hluti mannfjöldans á aldrinum 16–74 ára sem er starfandi eða atvinnulaus. Atvinnuleysi er úrvinnnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Atvinnuþátttaka eftir hópum

Þátttaka fólks á vinnumarkaði er nokkuð ólík eftir aldurskeiðum og stöðu, en heilt yfir sveiflast hlutfall þeirra sem eru starfandi meira hjá fólki undir fertugu en þeirra sem eldri eru. Hlutfall starfandi er almennt hæst og stöðugast yfir tíma hjá fólki á aldrinum 35–54 ára, sveiflur í efnahagslífinu hafa minni áhrif á þennan aldurshóp en aðra og tekjur eru almennt hæstar hjá fólki á þessu aldursbili.

Hagsveiflan hefur mest áhrif á hlutfall starfandi í aldurshópnum 16–34 ára, en frá aldamótum hefur hlutfall starfandi í þessum aldurshópi farið vaxandi. Eins og sjá má á mynd 2.7. er hlutfall starfandi lægst hjá elsta hópnum, 68–74 ára, en um fimmtingur þeirra eru í starfi og hefur það verið nokkuð stöðugt síðustu tvo áratugi. Með auknum lífslíkum og minnkandi frjósemi hefur hlutfall þessa aldurshóps farið hækkanði. Árið 2008 tilheyrðu 5,5% landsmanna aldurshópnum 60–74 ára, en 8,0% árið 2024.

Mynd 2.7. *Hlutfall starfandi eftir aldri, 2003–2024*

Heimild: Hagstofu Íslands.


Hlutfall námsmanna sem eru í starfi sveiflast einnig með hagsveiflunni, en hefur heilt yfir hækkað nokkuð frá aldamótum.

Mynd 2.8. *Hlutfall starfandi meðal námsmanna og þeirra sem ekki eru í námi*

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2.9. sýnir hlutfall starfandi eftir aldri og kyni á toppi þriggja hagsveiflna, árin 2007, 2016 og 2024. Hjá körlum er lítil breyting á hlutfalli starfandi í öllum aldurshópum á milli þessara hagsveiflna, en hjá konum má merkja aukningu á hlutfalli starfandi milli árunna 2016 og 2024 meðal yngri aldurshópanna, einkum hjá 25–44 ára.

Mynd 2.9. *Hlutfall starfandi eftir aldri árin 2007, 2016 og 2024, karlar (vinstri) og konur (hægri)*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall karla í starfi er almennt hærra en meðal kvenna, en hlutfall starfandi karla sveiflast að jafnaði meira en kvenna. Það kann að hluta til að skýrast af því að hlutfall kvenna og karla innan starfsgreina sem verða fyrir mestum áhrifum af efnahagssveiflum er ólíkt. Til að mynda eru konur í miklum meirihluta í umönnunar- og fræðslustörfum hjá hinu opinbera, en karlar í byggingarstarfsemi á almennum vinnumarkaði.

Munur á hlutfalli starfandi kvenna og karla er meiri meðal þeirra sem eru með ung börn á framfæri en í öðrum hópum. Þó dregið hafi úr þeim mun á síðustu áratugum og hlutfall starfandi kvenna með ung börn hafi hækkað, er enn mun meiri munur á atvinnuþátttöku kynjanna í þessum hópi en hjá þeim sem ekki hafa börn á framfæri. Frá aldamótum hafa nær öll börn á aldrinum 3–5 ára verið í leikskóla. Hlutfall barna 1–2 ára sem eru í leikskóla hefur hækkað jafnt og þétt frá 2003–2021, en dróst lítillega saman í tvö ár eftir það. Hlutfall barna á öðru aldursári í leikskóla er þó enn innan við 50%.

Mynd 2.10. *Hlutfall starfandi meðal þeirra sem ekki eru með börn á framfæri (vinstri) og hjá þeim sem eru með ung börn á framfæri (hægri)*




Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall starfandi öryrkja sveiflast nokkuð líkt og hjá öðrum hópum í takt við hagsveifluna, en sveiflurnar eru heldur minni en almennt á vinnumarkaði, sérstaklega hjá konum. Sé litið framhjá hagsveifluáhrifum hefur hlutfall starfandi öryrkja sveiflast í kringum 25% og má ekki greina sérstaka leitni í þróun þess á síðustu tveimur áratugum.

Hlutfall öryrkja af mannfjölda á vinnualdri hækkaði nokkuð í kjölfar fjármálahrunsins, einkum á árunum 2011 til 2013, sem kann meðal annars að skýrast af sögulega háu atvinnuleysi árin á undan, en hefur frá árinu 2016 farið lækkandi og er nú svipað og fyrir 20 árum.


Mynd 2.11. *Hlutfall starfandi meðal öryrkja (vinstri) og hlutfall mannfjölda með örorku (hægri)*



Skýringar: Öryrkjar skv. skattframtali. Heimild: Hagstofa Íslands.

Töluverður munur er á umfangi örorku eftir kyni og aldri. Hlutfall fólks með örorku fer almennt hækkanandi með aldri, sérstaklega hjá konum. Hjá körlum hækkar hlutfallið aðallega milli 45–55 ára aldurs og 55–67 ára. Nýgengi örorku eykst lítillega með aldri fram að 54 ára, en er töluvert herra hjá fólki á aldrinum 55–67 ára en í öðrum aldurshópum. Nýgengi er herra hjá konum en körlum, einkum hjá elsta aldurshópum, sjá mynd 2.13. Nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega er einnig nokkuð herra hjá konum en hjá körlum. Hjá körlum hefur nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega verið nokkuð svipað í öllum aldurshópum, en hjá konum eykst nýgengið fram til 35–44 ára, en svo dregur úr fram að ellilífeyrisaldri.


Mynd 2.12. *Hlutfall fólks með örorku eftir kyni og aldri, 2024 (vinstri) og nýgengi örorku eftir kyni og aldri, árið 2024 (hægri)*



Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Nýgengi örorku hefur verið nokkuð stöðugt hjá körlum, en þó hefur dregið lítillega úr á síðustu árum, einkum hjá körlum á aldrinum 55–67 ára, þar sem nýgengi hefur lækkað nokkuð frá aldamótum. Svipuð þróun hefur átt sér stað hjá konum, en meðal kvenna í elsta aldurshópnum hefur dregið verulega úr nýgengi á síðustu 25 árum.


Mynd 2.13. Nýgengi örorku miðað við 75% örorkumat hjá körlum (vinstri) og konum (hægri), eftir aldri, hlutfall af mannfjölda í aldurshópi, 2000–2024



Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega hefur hins vegar aukist, einkum á undanförunum 15 árum. Um aldamótin var lítill munur á nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega eftir aldri og kyni, sjá mynd 2.14. Síðan hefur nýgengi aukist hjá báðum kynjum, en meira hjá konum en körlum. Mest hefur nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega aukist meðal kvenna á aldrinum 35–44 ára, en minnst meðal kvenna á aldrinum 55–67 ára, þar sem nýgengi örorku er mest.

Mynd 2.14. Nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega hjá körlum (vinstri) og konum (hægri), eftir aldri, hlutfall af mannfjölda í aldurshópi, 2000–2024




Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Starfandi eftir atvinnugreinum og starfsstéttum


Töluverður munur er á því í hvaða atvinnugreinum ólíkar starfsstéttir vinna. Sérfræðingar eru ríflega fjórðungur starfandi fólks á vinnumarkaði og starfa nær allir hjá hinu opinbera og í þjónustugreinum öðrum en ferðaþjónustu. Stjórnendur eru 13% vinnumarkaðarins og dreifast þeir nokkuð jafnt milli atvinnugreina, en eru heldur færri hjá hinu opinbera og í sjávarútvegi. Fimmtungur starfandi eru þjónustu- og verslunarfólk, sem starfar helst hjá hinu opinbera, í ferðaþjónustu og í verslun. Á vinnumarkaði eru 16% sérmenntað starfsfólk, sem dreifist nokkuð jafnt milli atvinnugreina, en flestir í þeirri starfsstétt eru þó starfandi í þjónustugreinum. Störf sérmenntaðs starfsfólks eru margvísleg tæknileg störf og má sem dæmi nefna veðurathuganir, verkstjóra í fiskvinnslu og sjúkraliða. Tæplega tíundi hver starfandi á vinnumarkaði er iðnaðarmaður. Þeir vinna einkum í iðnaði, þar með talið byggingarstarfsemi, verslun og í sjávarútvegi.

Mynd 2.15. Samsetning starfsstétta eftir atvinnugreinum



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 2.16. Samsetning atvinnugreina eftir starfsstétt



Heimild: Hagstofa Íslands

3. Laun og launaþróun

3.1. Samantekt

Í heildina hefur launavísitalan hækkað um 11,5% það sem af er núverandi kjarasamningslotu, frá janúar 2024 til apríl 2025, en í lok tímabilsins var gerð kjarasamninga fyrir nær allan vinnumarkaðinn lokið.

Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum liggja fyrir fram til janúar 2025 og er töluverður munur á hækkunum milli markaða frá janúar 2024 til þess tíma. Skýringin er sú að á tímabilinu voru komnar til framkvæmda tvær kjarasamningsbundnar hækkanir á almennum vinnumarkaði, en aðeins ein hækkun á opinberum vinnumarkaði, þar sem önnur hækkun kom ekki til framkvæmda fyrr en í apríl 2025. Þá var samningum ólokið við aðildarfélög KÍ í janúar 2025.

Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði um 10,2% á tímabilinu frá janúar 2024 til janúar 2025, hjá ríki og Reykjavíkurborg um 5,7% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 6,1%. Í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið í samningalotunni var almennt farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana og eru samningsbundnar launahækkanir því hlutfallslega mestar á lægri laun.

Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á tímabilinu hafði kaupmáttur grunntímakaups í janúar 2025 aukist um 4,2% frá upphafi samningalotunnar. Á almennum vinnumarkaði var kaupmáttaraukningin 5,3%, hjá ríki og Reykjavíkurborg jókst kaupmáttur um 1,0% og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur um 1,4%. Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 845 þúsund krónur árið 2024. Lítil munur er á meðaltali grunnlauna og reglulegra launa á almennum markaði og hjá ríkinu, en meðaltal heildarlauna er hæst hjá ríkinu.

Dreifing launa á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera. Í kjarasamningslotunni 2019–2022 hækkuðu laun um tilteknar krónutölur, en í kjarasamningum árið 2022 og í yfirstandandi samningalotu var farin blönduð leið krónutöluhækkana og hlutfallshækkana. Þessir samningar skiluðu allir hlutfallslega mestri hækkun á lægri laun. Áhrif þessa eru sýnileg í þróun launadreifingar á vinnumarkaðnum öllum, þar sem munur hæstu og lægstu launa hefur dregist saman. Þannig lækkaði svokallaður tíundastuðull, sem er hlutfall milli launa við efstu og neðstu tíundamörkin, markvert bæði á almennum og enn meira á opinberum vinnumarkaði á tímabilinu 2019–2022, og hefur sú þróun haldið áfram á opinberum vinnumarkaði, en lítilsháttar viðsnúningur orðið á almennum markaði á síðustu tveimur árum.


3.2. Launaþróun

Launaumfjöllun í skýrslum KTN byggir á launagögnum frá Hagstofu Íslands, sem safnar mánaðarlegum upplýsingum um launagreiðslur frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum þar sem starfa tíu eða fleiri.¹⁴ Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar fyrir meginþorra launafólks gildi í febrúar 2024 og komu fyrstu hækkanir vegna þeirra til útborgunar í mars, en í kjölfarið hækkaði launavísitalan um 2,4%, sjá mynd 3.1. Áhrif nýrra samninga, einkum á opinberum markaði, héldu áfram að birtast í hækkun launavísitölunnar út árið 2024 og inn á fyrstu mánuði ársins 2025.

¹⁴ Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru í viðauka II og III.

Í janúar 2025 kom önnur kjarasamningsbundin launahækkun á almennum vinnumarkaði til framkvæmda og þá hækkaði launavísitala um 3,1%. Á tímabilinu janúar 2024 til apríl 2025 hækkaði launavísitalan samtals um 11,5%. Á því tímabili komu tvær kjarasamningsbundnar hækkanir til framkvæmda á almennum vinnumarkaði og ein hækkun hjá allflestu launafólki á opinberum vinnumarkaði. Áætla má að í apríl 2025, sem var nýjasta mæling launavísitölunnar við frágang á skýrslu KTN, hafi kjarasamningum verið lokið fyrir nær allan vinnumarkaðinn.

Mynd 3.1. *Breyting launavísitölu og vísitölu grunnlauna frá janúar 2024 til apríl 2025 (vísitala janúar 2024 = 100)*




Heimild: Hagstofa Íslands.

KTN greinir laun og launaþróun fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög út frá launagögnum Hagstofu Íslands og ná nýjustu upplýsingar í því niðurbroti til janúar 2025. Á almennum vinnumarkaði voru kjarasamningar fyrir meginþorra launafólks undirritaðir í mars 2024 með gildistöku frá 1. febrúar. Umsamdar almennar launahækkanir voru á bilinu 3,25%–3,5% og lágmarkshækkun 23.750 krónur, sem skilar hlutfallslega meiri hækkun á lægri laun. Í kjölfar samninganna hækkaði grunntímakaup á almennum vinnumarkaði um 3,3%, en sá mælikvarði endurspeglar best umsamdar launahækkanir í kjarasamningum. Áhrif samninganna héldu áfram að koma fram í hækkun grunnlauna á næstu mánuðum. Í janúar 2025 kom önnur hækkun samninga á almennum markaði til framkvæmda, en þá hækkaði vísitala grunntímakaups á almennum vinnumarkaði um 3,5%, sjá mynd 3.2.

Á opinberum markaði losnuðu samningar flestra hópa í lok mars 2024 og voru fyrstu samningar þar undirritaðir í júní og júlí sama ár. Þetta endurspeglast í hækkun grunntímakaups milli maí og júlí, um 1,9% hjá ríkinu og um 1,8% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Hjá Reykjavíkurborg komu fyrstu samningar til framkvæmda í júlí en þá hækkaði grunntímakaup hjá starfsfólki borgarinnar um 2,6%.

Mynd 3.2. *Visitala grunntímakaups (vinstri) og reglulegs tímakaups (hægri) frá janúar 2024 til janúar 2025 (vísitala janúar 2024 = 100)*




Heimild: Hagstofa Íslands.

Töluverður munur er á hækkunum milli markaða á tímabilinu frá janúar 2024 til janúar 2025, sem skýrist af því að á tímabilinu voru tvær kjarasamningsbundnar hækkanir á almennum vinnumarkaði, en ein hækkun á opinberum vinnumarkaði, þar sem önnur hækkun kom ekki til framkvæmda fyrr en í apríl 2025. Þá var samningum ólokið við aðildarfélög KÍ í janúar 2025. Á heildina litið hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaði um 9,0% á tímabilinu, en almenni markaðurinn vegur um tvo þriðju hluta í vísitölunni. Sé þróunin skoðuð eftir mörkuðum var hækkunin mest á almennum markaði, þar sem grunntímakaup hækkaði um 10,2%, hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur nam hækkunin um 6,1% og hjá ríki og Reykjavíkurborg hækkaði grunntímakaup um 5,7%.

Á tímabilinu frá janúar 2024 til janúar 2025 hækkaði reglulegt tímakaup, þ.e. grunntímakaup að viðbættum launaaukum¹⁵, jafn mikið og grunntímakaup á almennum vinnumarkaði, sjá mynd 3.3. Á opinberum vinnumarkaði hækkaði reglulegt tímakaup hins vegar meira en grunntímakaup og var munurinn mestur hjá Reykjavíkurborg, einkum vegna meiri hækkunar reglulegs tímakaups en grunntímakaups í janúar 2025, sem skýra má m.a. með álagsgreiðslum í kringum jól og áramót.

Mynd 3.3. *Breyting á launavísitölu grunntímakaups og vísitölu reglulegs tímakaups frá janúar 2024 til janúar 2025*



Heimild: Hagstofa Íslands.


¹⁵ Launaaukar eru ýmsar álagsgreiðslur, s.s. vaktalag, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

Launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Frá janúar 2024 til janúar 2025 hækkaði grunntímakaup í heildina um 10,2% á almennum vinnumarkaði, þar sem tvær samningsbundnar hækkunar urðu á tímabilinu. Á almenna markaðnum hækkaði grunntímakaup mest hjá launafólki innan BSRB, sem einkum starfar hjá fyrirtækjum í opinberri eigu, launafólki innan BHM og verkafólki sem eru félagsmenn í Eflingu og aðildarfélögum SGS. Hjá félagsfólki innan ASÍ var hækkun meiri meðal verkafólks en hjá verslunar- og skrifstofufólki (LÍV/VR) og iðn- og tæknifólki í ASÍ, sem endurspeglar áherslur kjarasamninga á lágmarks krónutöluhækkunar kauptaxta. Hjá verkafólki hækkaði grunntímakaup um 11,2% á tímabilinu og um 13,2% hjá aðildarfélögum BSRB sem semja við SA. Grunntímakaup hjá verslunar- og skrifstofufólki (VR/LÍV) hækkaði um 10,3% og hjá iðn- og tæknifólki um 10,4%.

Á opinbera markaðnum kom almennt ein kjarasamningsbundin launhækkun til framkvæmda á tímabilinu janúar 2024 til janúar 2025 og var samningum lokið við allfesta hópa á tímabilinu. Aðildarfélög KÍ undirrituðu kjarasamning í febrúar 2025, en samkvæmt innanhústillögu ríkissáttasemjara frá því í lok nóvember 2024 var verkföllum kennara sem þá stóðu yfir frestað og fengu félagamenn í aðildarfélögum KÍ þann 1. janúar 2025 launahækkun upp á 3,95% frá því samningar þeirra runnu út, sem var á tímabilinu 1. apríl–1. júní 2024.


Hjá launafólki innan ASÍ sem starfar á opinbera markaðnum voru hækkunar á grunntímakaupi á bilinu 6,5%–6,8% frá janúar 2024 til janúar 2025. Hjá félagsmönnum aðildarfélaga BSRB á opinbera markaðnum námu hækkunar á grunntímakaupi á sama tímabili 5,9%–6,7% og hjá aðildarfélögum BHM 5,0%–6,2%. Kjarasamningar allra aðildarfélaga KÍ við sveitarfélög og ríki voru undirritaðir í lok febrúar 2025 og gætir áhrifa af umsömdum hækkunum því ekki innan þess tímabils sem nú er til skoðunar hjá KTN, en í janúar 2025 kom þó til framkvæmda áfangahækkun í samræmi við innanhústillögu ríkissáttasemjara. Grunntímakaup hjá félagsmönnum KÍ hjá ríkinu hækkaði þannig um 0,9% á tímabilinu janúar 2024–janúar 2025, hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur nam hækkun grunntímakaups 5,4% og um 5,1% hjá Reykjavíkurborg. Mikill munur á hækkun grunntímakaups hjá aðildarfélögum KÍ hjá ríki annars vegar og sveitarfélögum og Reykjavíkurborg hins vegar skýrist af ólíkri útfærslu þessara aðila á uppgjöri afturvirkra hækkana í tengslum við áfangasamkomulag við KÍ í lok nóvember 2024. Uppgjör ríkisins fór fram með eingreiðslu sem ekki mælist í launavísitölunni, en sveitarfélögin og Reykjavíkurborg hækkuðu launatöflur sem koma fram í mælingu vísitölnnar.

Mynd 3.4. *Breyting grunntímakaups frá janúar 2024 til janúar 2025 eftir mörkuðum og heildarsamtökum*

Heimild: Hagstofa Íslands.

3.3. Kaupmáttur launa

Dregið hefur úr verðbólgu frá því kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir. Í janúar 2024 var verðbólga 6,7%, en var komin niður í 4,6% ári síðar. Það sem af er samningalotunni, frá janúar 2024 til janúar 2025, hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaðnum öllum um 9,0%, en á sama tíma hækkaði almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 4,6%. Kaupmáttur grunntímakaups hefur því heilt yfir hækkað um 4,2% það sem af er nýrri samningalotu. Á almenna markaðnum, þar sem tvær kjarasamningsbundnar hækkanir komu til framkvæmda á tímabilinu, var kaupmáttaraukningin 5,3%, en kaupmáttur grunntímakaups hækkaði um um 1,0% hjá ríki og Reykjavíkurborg og um 1,4% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur á sama tímabili.


Mynd 3.5. *Breyting á kaupmætti grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá janúar 2024 til janúar 2025*

Heimild: Hagstofa Íslands.

3.4. Vægi markaða og heildarsamtaka

Samsetning vinnumarkaðarins hvað vægi heildarsamtaka og markaða varðar gerir það að verkum að sumir hópar hafa meiri áhrif á launaþróun og launastig vinnumarkaðarins í heild sinni. Félagsfólk aðildarfélaganna ASÍ vegur alls um helming í gagnasafni Hagstofu Íslands fyrir vísitölu grunntímakaups. Félagsfólk í aðildarfélögum BHM, BSRB og KÍ vegur samanlagt rúman fjórðung í vísitölunni, félagsmenn stéttarfélaganna sem ekki eru hluti af heildarsamtökunum fjórum vega um fimmtung og launafólk utan stéttarfélaganna um 6%.

Vægi heildarsamtaka eftir mörkuðum í vísitölu grunntímakaups er sýnt á mynd 3.6. Félagsfólk stéttarfélaganna innan ASÍ vega mest í vísitölu grunntímakaups á almennum vinnumarkaði (60%). Félagsmenn BHM vega mest hjá ríkinu, eða um þriðjung. Hjá Reykjavíkurborg vegur BSRB mest (37%) og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur vegur KÍ mest (39%).

Mynd 3.6. *Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum og heildarsamtökum í janúar 2025*

Heimild: Hagstofa Íslands.

Á almennum vinnumarkaði er ríflega fimmtungur launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Þar af eru fjórir af hverjum fimm úr röðum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélags verkfræðinga, Félags íslenskra atvinnuflugmanna eða Flugvirkjafélags Íslands. Hjá ríki er um fjórðungur launafólks félagar í stéttarfélögum utan heildarsamtaka, flestir í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða Læknafélagi Íslands. Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum er mjög lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Af þeim sem eru utan heildarsamtaka eru rúmlega fjórir af hverjum fimm félagsmenn í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Kjarafélagi tæknifræðingafélags Íslands.

Hluti launafólks á íslenskum vinnumarkaði er utan stéttarféлага. Á opinberum markaði ber helst að nefna þá sem ekki hafa samningsrétt, svo sem forstöðumenn stofnana, dómara, alþingismenn, yfirstjórnir sveitarféлага og stundakennara í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru utan stéttarféлага.

3.5. Launastig


Umfjöllun KTN um launastig byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun launafólks í fullu starfi og tekur umfjöllunin nú til meðaltals alls ársins 2024. Í síðustu skýrslu nefndarinnar (Haustskýrslu 2024) var fjallað um launastig í maí 2024, en kosturinn við ársmeðaltöl er að þau jafna út áhrif árstiðarsveiflna í yfirvinnugreiðslum og launaaukum, sem geta verið breytileg á milli mánaða. Við samanburð milli einstakra markaða og heildarsamtaka er rétt að hafa í huga að samsetning með tilliti til starfa er mismunandi. Þannig er til dæmis herra hlutfall stjórnenda og sérfræðinga hjá ríkinu en á almennum markaði eða sveitarfélögum og verkafólk starfar flest á almenna markaðnum.

Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 845 þúsund krónur árið 2024. Lítil munur er á meðaltali grunnlauna og reglulegra launa á almennum markaði og hjá ríkinu, en meðaltal reglulegra heildarlauna og heildarlauna eru aftur á móti hæst hjá ríkinu, þar sem þau eru um 6% hærri en á almennum markaði.

Miðgildi reglulegra launa var 753 þúsund krónur árið 2024, en miðgildi launa var hæst hjá ríkinu, hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna. Miðgildi reglulegra launa var 9% herra hjá ríkinu en á almennum markaði og 11% herra en hjá Reykjavíkurborg og 12% herra en hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, sjá mynd 3.9. Heildarlaun eru samsett úr grunnlaunum, launaaukum, yfirvinnugreiðslum og óreglulegum launaaukum, sjá nánar skilgreiningar á launahugtökum í viðauka II. Við samanburð á samsetningu launa hjá fullvinnandi launafólki má sjá að vægi grunnlauna í heildarlaunum á vinnumarkaðnum öllum var 79%, en hæst var hlutfallið hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur (83%) og lægst hjá ríkinu (75%), sjá mynd 3.7.

Launaaukar eru ýmsar álagsgreiðslur, s.s. vaktaálag, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Þær voru í fyrra á bilinu 7%–10% af heildarlaunum. Minnst vögu launaaukar í heildarlaunum á almennum vinnumarkaði (7%), en mest hjá Reykjavíkurborg (10%). Yfirvinnugreiðslur vega þyngst í heildarlaunum hjá ríkinu (11%), en hafa minnst vægi hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum (4%). Vægi óreglulegra launaauka var mest á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu (8%), en minnst hjá Reykjavíkurborg (5%).

Mynd 3.7. Samsetning heildarlauna fullvinnandi árið 2024 eftir mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna




Heimild: Hagstofa Íslands.

Við samanburð á launum á milli markaða og heildarsamtaka er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða þar sem almennt tíðkast að greiða fasta yfirvinnu, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilvikum eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.

Þegar samsetning launa er borin saman eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum má sjá að á almennum markaði var vægi grunnlauna í heildarlaunum árið 2024 hlutfallslega mest meðal félagsmanna BHM (94%), en minnst hjá verkafólki innan ASÍ (67%).

Hjá hinu opinbera eru áhrif launaauka á regluleg heildarlaun nær engin hjá félagsmönnum innan raða KÍ sem starfa hjá ríkinu, en yfirvinnugreiðslur vega hins vegar þýngst þessum hópi eða 19% af heildarlaunum árið 2024. Yfirvinnugreiðslur höfðu minnst vægi 2024 í heildarlaunum félagsmanna í aðildarfélögum BHM sem starfa á almennum markaði (1%), sjá mynd 3.8.

Mynd 3.8. *Samsetning heildarlauna fullvinnandi árið 2024 eftir heildarsamtökum og mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna*




Heimild: Hagstofa Íslands.

3.6. Launadreifing

Dreifing launa er nokkuð ólík eftir mörkuðum og samningssviðum. Launadreifing á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera, sem endurspeglast t.a.m. í því að á almennum markaði er meiri munur á meðaltali og miðgildi (50%) launa, hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna. Dreifing launa út frá svokölluðum tíundastuðlum, sem segja til um hlutfallið á milli efstu (90%) og neðstu tíund launa (10%), er einnig hæst á almennum markaði.

Við samanburð á launadreifingu milli markaða er rétt að hafa í huga að vægi almenna markaðarins er ríflega tveir þriðju, en vægi opinbera markaðarins í heild sinni um þriðjungur og áhrif þeirra á launadreifingu á vinnumarkaðnum öllum því mismikil. Auk þess eru atvinnugreinar og störf margbreytilegri á almenna markaðnum en hjá ríki og sveitarfélögum, sem skýrir að hluta meiri launadreifingu.

Mynd 3.9. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Heimild: Hagstofa Íslands.


Tíundastuðull heildarlauna á almennum markaði var 2,56 árið 2024, sem þýðir að efstu tíundamörkin (90%) eru 156% hærri en neðstu tíundamörkin (10%), sjá töflu 3.1. Mestur munur er á efstu tíundamörkum í hlutfalli við miðgildi launa á almennum markaði. Hins vegar er munurinn á neðstu tíundamörkum og miðgildi launa sambærilegur á almennum markaði og hjá hinu opinbera. Þannig má einkum rekja mikla launadreifingu á almennum markaði til þess að þar er hlutfallslega fámennur hópur stjórnenda sem fær greidd há laun miðað við það sem almennt gerist á vinnumarkaði.

Þegar launadreifing er skoðuð eftir mörkuðum má sjá að hún var næstmest hjá ríkinu, þar sem tíundastuðull heildarlauna var 2,25, sem þýðir að efstu tíundamörk reglulegra heildarlauna eru 125% hærri en neðstu tíundamörk. Launadreifingin var næstminnst hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, þar sem efstu tíundamörk heildarlauna eru tæplega tvöföld miðað við neðstu tíundamörk og minnst hjá Reykjavíkurborg, þar sem munurinn er 86%.

Tafla 3.1. *Tíundastuðull launa eftir mörkuðum árið 2024*

	Alls	Almennur markaður	Ríki	Reykjavíkur -borg	Sveitarfélög án Rvk.
Grunnlaun	2,57	2,97	2,08	1,67	1,73
Regluleg laun	2,34	2,60	1,95	1,82	1,83
Heildarlaun	2,42	2,56	2,25	1,86	1,94

Munur hæstu og lægstu launa hefur dregist saman á síðustu árum. Kjarasamningar á tímabilinu 2019–2024 skiluðu hlutfallslega mestri hækkun lægstu launa og í samningalotunni 2019–2022 hækkuðu laun um tiltekna krónutölur, en í skammtímasamningnum sem gerðir voru undir lok árs 2022 og á fyrri hluta árs 2023 var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana, líkt og í yfirstandandi samningalotu. Áhrif þessa eru sýnileg í þróun launadreifingar á vinnumarkaðnum öllum. Tíundastuðull reglulegra heildarlauna á almennum vinnumarkaði var nokkuð stöðugur á tímabilinu 2014–2019, þegar hann var í kringum 2,7. Frá 2019 til 2022 lækkaði tíundastuðull á almennum markaði úr 2,7 í 2,4, en hækkaði svo lítillega árin 2023 og 2024. Á opinberum markaði voru tíundastuðlar einnig nokkuð stöðugir á tímabilinu 2014–2019, en hafa farið lækkanði frá árinu 2019. Ólíkt á almennum markaði hélt sú lækkun áfram á árunum 2023–2024.

Mynd 3.10. *Tíundastuðlar heildarlauna eftir mörkuðum, 2014–2024*

Heimild: Hagstofa Íslands.

4. Kjarasamningar

4.1. Samantekt

Kjarasamningar til ársins 2028 hafa verið undirritaðir fyrir allflest launafólk, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, í yfirstandandi samningalotu sem hófst í febrúar 2024.

Fyrstu samningarnir í lotunni voru undirritaðir í mars 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði, með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028, og var í þeim samið um blandaða leið krónutölu- og prósentuhækkana. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Í flestum samningum á almennum vinnumarkaði var samið um sambærilegar kjarabætur og lauk þeim flestum á tímabilinu frá mars og fram í júní 2024. Á opinberum markaði voru fyrstu kjarasamningarnir í lotunni undirritaðir í júní 2024 og var flestum samningum þar lokið á síðari hluta þess árs. Samningar á opinberum markaði eru með gildistíma afturvirkir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 og almennt var samið um launahækkanir á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum, auk þess sem vinnutímabreytingar voru skrifaðar inn í kjarasamninga. Síðasti stóri samningurinn sem gerður var í þessari samningalotu var sameiginlegur kjarasamningur ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög KÍ, sem er nýlunda. Samningurinn var frábrugðinn öðrum samningum sem gerðir hafa verið í lotunni og byggði á innanhústillögu ríkissáttasemjara, sem felur í sér að kjarasamningar aðildarfélaganna framlengist til 31. mars 2028 og að unnið verði að gerð virðismatskerfis sem lagt verði til grundvallar launasetningu kennara.


Í heildina má áætla að gerðir hafi verið nærri 250 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu, sem hófst í mars 2024, og var félagsfólk á kjörskrá stéttarfélaga í þessum samningum tæplega 189.000. Þar af hafa 200 samningar verið gerðir á samningssviði SA, ríkisins, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar fyrir nær 180.000 manns. Áætla má að ólokið sé um 30 kjarasamningum á vinnumarkaði í þessari samningalotu fyrir um 3.000 manns, sem er innan við 2% launafólks.

4.2. Helstu kjarasamningar í kjaralotunni¹⁶

Í yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024 hafa verið undirritaðir kjarasamningar fyrir allflest launafólk, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Nær allir samningar sem gerðir hafa verið í lotunni eru til fjögurra ára og gilda flestir samningar á almennum markaði til loka janúar 2028 og samningar á opinberum markaði út marsmánuð sama ár.

16 Við talningu á fjölda kjarasamninga miðar KTN nú við fjölda atkvæðagreiðslna sem fram fara um samninga. Þegar félög hafa samflot í samningum og atkvæðagreiðslu líkt og t.a.m. 17 SGS félög gerðu í samningum við SA og öll félög KÍ í samningum við ríki og sveitarfélög í þessari lotu, telst það sem einn kjarasamningur þar sem öll félög innan samflotsins eru bundinn af sameiginlegri niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Þegar lagt er mat á þann fjölda launamanna sem samningarnir ná til er miðað við fjölda sem er á kjörskrá stéttarfélaga þegar kosið er um samninginn. Algengt er að félög hafi samflot í samningaviðræðum og kjarasamningsgerð en greiði atkvæði hvert í sínu lagi um samninginn og teljast það því margir samningar. Hafa þarf í huga þegar skýrslur KTN eru skoðaðar aftur í tímann að samflot í viðræðum og atkvæðagreiðslum félaga er breytilegt milli samningalota.

Mynd 4.1. *Fjöldi launamanna á kjörskrá samþykktra kjarasamninga (vinstri) og fjöldi samþykktra kjarasamninga (hægri) eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni*




Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Í byrjun maí 2025 höfðu Samtök atvinnulífsins gert 104 kjarasamninga í þessari samningalotu, þar sem tæplega 123.000 launamenn voru á kjörskrá, ríkið hafði lokið 39 kjarasamningum fyrir ríflega 22.000 manns, samninganefnd sveitarfélaga 39 samningum fyrir um 15.500 manns, og Reykjavíkurborg 17 samningum fyrir um 9.200 manns. Að auki gerðu ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg einn sameiginlegan kjarasamning við öll aðildarfélög KÍ, sem nær til um 11.100 manns. Samtals hafa þessir aðilar því lokið við gerð 200 kjarasamninga, þar sem nær 181.000 manns voru á kjörskrá. Áætla má að ólokið sé um 30 kjarasamningum fyrir um 3.000 manns, sem er innan við 2% launafólks sem aðilar semja vegna.

Á mynd 4.2 má sjá tímalínu yfir fjölda undirritaðra kjarasamninga eftir mörkuðum frá upphafi samningalotunnar, þegar fyrstu samningar voru undirritaðir í mars 2024, og fjölda launamanna sem voru á kjörskrá í þeim samningum. Þar má sjá að gengið var frá flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði á tímabilinu frá mars og fram í júní 2024 og meginþorri samninga á opinberum markaði var undirritaður á síðari hluta þess árs. Síðasti stóri samningurinn sem gerður var í lotunni var sameiginlegur samningur ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög KÍ.

Mynd 4.2. *Tímalína kjarasamninga. Fjöldi undirritaðra kjarasamninga (vinstri) og fjöldi launamanna á kjörskrá samþykktra kjarasamninga (hægri) eftir launagreiðendum, mars 2024–apríl 2025*



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Það sem af er þessari samningalotu hefur 80 kjaradeilum verið vísað til ríkissáttasemjara, en að baki hverju máli eru í mörgum tilvikum fleiri en eitt stéttarfélag í samfloti. 68 af þessum málum er lokið með kjarasamningi, en 12 mál eru enn á borði ríkissáttasemjara. Verkföll voru boðuð í 3 tilvikum, en samið var áður en til þeirra kom. Til verkfallsaðgerða kom meðal aðildarféлага Kennarasambands Íslands í 33 skólum á tímabilinu október 2024–febrúar 2025.


Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa í yfirstandandi kjaralotu gert 104 kjarasamninga. Samningar voru gerðir við 33 stéttarfélög innan ASÍ með undirritun þriggja kjarasamninga í mars 2024. Þá hafa verið undirritaðir 23 almennir kjarasamningar og 38 kjarasamningar fyrir hönd einstakra fyrirtækja við félög innan ASÍ. SA hefur í lotunni gert 14 samninga við félög innan BSRB, sem allir eru vegna fyrirtækja í opinberri eigu, og 6 samninga við félög innan BHM. Þá hefur verið gerður einn kjarasamningur á samningssviði SA við félag innan KÍ og 18 kjarasamningar við stéttarfélög utan heildarsamtaka. SA hefur lokið samningum í þessari kjaralotu fyrir nær allt launafólk með kjarasamninga sem starfar á samningssviði þeirra.

Í byrjun maí 2025 voru 13 kjarasamningar á samningssviði SA enn lausir sem áætla má að nái til um 2.000 manns og má þar helst nefna samninga við verkfræðinga, stóriðjufyrirtæki og samninga í fluggeiranum, en stórir samningar í fluggeiranum losna síðar á árinu 2025, sem og kjarasamningur við Rio Tinto Alcan sem gildir til ársloka 2026. Einnig eru viðræður yfirstandandi vegna endurnýjunar ótímabundins réttindasamnings við félög innan BHM.

Samningar SA við félög innan ASÍ

Mynd 4.3 *Fjöldi á kjörskrá að baki kjarasamningum á samningssviði SA og ASÍ félaga í samningalotunni*



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

SA hefur í samningalotunni gert samtals 65 kjarasamninga við félög innan ASÍ, en um 108.000 manns voru á kjörskrá í þessum samningum. Þar af eru þrír stórir samningar sem ná til um 81.000 manns, eða um 75% launafólks á samningssviðinu, þ.e. samningur við aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands (SGS) sem nær til ríflega 21.000 launamanna, samningur við Eflingu fyrir ríflega 20.000 manns og samningur við VR þar sem um 39.600 manns voru á kjörskrá.

Fjórði fjölmennasti kjarasamningurinn á samningssviði ASÍ og SA var samningur Félags iðn- og tæknigreina (FIT), þar sem um 4.600 launamenn voru á kjörskrá. Mun færri voru á kjörskrá í öðrum samningum en SA hefur gert 24 aðra almenna kjarasamninga við félög innan ASÍ sem ná samtals til um 19.700 manns, og 38 kjarasamninga vegna einstakra fyrirtækja þar sem samtals voru um 2.500 manns á kjörskrá.

Kjarasamningar voru undirritaðir í mars 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028 og var farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í kjarasamningum verkafólks (SGS og Efling) við SA var samið um árlegar hækkanir virkra kauptaxta á bilinu 23.750–26.773 krónur. Í samningum verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) og stéttarféлага iðnaðar- og tæknifólks við SA var samið um 3,25%–3,5% almenna launahækkun árlega, eða að lágmarki 23.750 krónur. Virkir kauptaxtar í aðalkjarasamningum á almennum markaði hækka í flestum tilvikum á bilinu 4,6%–5,9% á ári út samningstímann. Að auki er í samningum ASÍ féлага og SA kveðið á um greiðslu svonefnds *kauptaxtaauka* ef kauptaxtar aðalkjarasamninga SGS og Eflingar hækka minna en hækkun launavísitölu á almennum markaði á samningstímanum, og sérstaks *framleiðniauka* sem kemur til greiðslu ef framleiðni eykst umfram 2% árlega á tímabilinu 2024–2026 og uppsafnaður hagvöxtur er jákvæður. Þá var samið um lengingu orlofs auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa.

Rammagrein 1 - Kauptaxtaauki virkjast í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði

Í samningum á almennum vinnumarkaði í mars 2024 var samið um svokallaðan kauptaxtaauka sem felur í sér að á samningstímanum er árlega borin saman hlutfallsleg hækkun launavísitölu á almennum markaði og ákveðins viðmiðunartaxta samningsins á sama tímabili. Ef launavísitala hækkar meira en umræddur launataxti kemur til greiðslu kauptaxtaauka sem nemur hlutfallslegum mun hækkana vísitölnunnar og viðmiðunartaxtans frá nóvember 2023 til nóvember 2024. Niðurstaða launa- og forsendunefndar ASÍ og SA, sem úrskurðar um kauptaxtaaukann, var að kauptaxtaauki virkjast frá og með 1. apríl 2025 og hækki þá lágmarkskauptaxtar kjarasamninga aðila um 0,58% þar sem launavísitala á almennum markaði á viðmiðunartímabilinu hefur hækkað umfram hækkun viðmiðunartaxtans. Úrskurðað verður um kauptaxtaauka samninganna að nýju fyrir 1. apríl 2026 og 1. apríl 2027.

Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var í tengslum við samningana. Forsendunefnd skipuð fulltrúum féлага innan ASÍ og SA skal í september 2025 og 2026 leggja formlegt mat á forsendur og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti. Náist slíkt samkomulag ekki er heimilt að segja samningnum upp eigi síðar en 8. október 2025 og 2026 og fellur hann þá úr gildi 31. október sama ár.

Nánar er fjallað um kjarasamninga aðildarfélaganna ASÍ og SA og forsenduákvæði samninganna í haustskýrslu KTN 2024.


Rammagrein 2 - Verðlagsforsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Verðlagsforsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 verði 4,95% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu frá mars–ágúst 2025 verður 4,7% eða lægri miðað við árshraða. Í september 2026 teljast forsendur standast ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 er 4,7% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó standast ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars–ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða. Miðað við stöðuna nú var 12 mánaða verðbólga í maí 2025 3,8% og 6 mánaða verðbólga á tímabilinu desember–maí á ársgrundvelli mældist 5,2%.

Samningar SA við félög innan BHM, BSRB, KÍ og félög utan heildarsamtaka

SA hefur í þessari samningalotu gert 37 kjarasamninga, bæði almenna samninga og kjarasamninga vegna einstakra fyrirtækja, við félög innan BHM, BSRB, KÍ og stéttarfélög sem standa utan heildarsamtaka, en um 14.700 manns voru samtals á kjörskrá í þessum samningum og skiptast þeir samkvæmt eftirfarandi.

Mynd 4.4. *Fjöldi á kjörskrá að baki kjarasamningum á samningssviði SA við aðildarfélög BSRB, BHM, KÍ og félög utan heildarsamtaka í samningalotunni*



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Í byrjun maí 2025 höfðu 14 kjarasamningar verið gerðir við aðildarfélög BSRB fyrir hönd félaga í opinberri eigu, en um 1.600 launamenn voru á kjörskrá í þessum samningum. Þá hefur SA gert 6 kjarasamninga við aðildarfélög BHM fyrir um 100 manns og einn kjarasamningur var gerður á samningssviði SA við aðildarfélag innan KÍ fyrir um 350 manns. Að auki hefur SA gert 18 kjarasamninga við félög sem standa utan heildarsamtaka fyrir samtals um 12.600 manns. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna

fjármálafyrirtækja (SSF), Samband stjórnendafélaga (STF) og Bláðamannafélag Íslands (BÍ). Samningarnir sem gerðir hafa verið eru allir langtímasamningar til fjögurra ára og fylgja kjarabætur fordæmi samninganna á almennum markaði. Að auki hafa þrír ótímabundnir réttindasamningar SA við félög utan heildarsamtaka verið endurnýjaðir í samningalotunni.

Samningar SA vegna einstakra fyrirtækja

Kjarasamningar SA vegna einstakra fyrirtækja eru margir hverjir gerðir fyrir hönd fyrrverandi ríkisfyrirtækja sem voru með kjarasamninga við félög innan BSRB og BHM og eru nú á almennum vinnumarkaði sem opinber hlutafélög, en þar að auki eru kjarasamningar gerðir fyrir hönd nokkurs fjölda annara fyrirtækja á samningssviði SA. Þannig gerir SA kjarasamninga við stéttarfélög innan allra heildarsamtaka.

Í byrjun maí 2025 hafði SA gert 66 kjarasamninga fyrir hönd einstakra aðildarfyrirtækja sinna í yfirstandandi kjaralotu, en um 12 slíkum kjarasamningum var enn ólokið.


Alls voru um 4.500 manns á kjörskrá þeirra kjarasamninga einstakra fyrirtækja sem SA hafa lokið og áætla má að þeir samningar sem eru lausir og enn er ólokið nái til ríflega 1.000 launamanna og má þar m.a. nefna samning við Verkfræðingafélag Íslands, Félag íslenskra flugumferðastjóra vegna Isavia, samning AFLs starfsgreinafélags og Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) vegna Fjarðaráls og samninga við fluglíða hjá Play.

Kjarasamningar ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

Kjarasamningar á opinberum markaði runnu flestir út í lok mars 2024 og hófst samningalotan þar í kjölfar undirritunar samninga á almennum markaði þá um vorið. Samningum er lokið við nær allt launafólk á opinberum vinnumarkaði í þessari samningalotu með 39 kjarasamningum ríkisins, 39 samningum samninganefndar sveitarfélaganna og 17 samningum Reykjavíkurborgar, auk eins sameiginlegs kjarasamnings ríkis og sveitarfélaga við öll aðildarfélög Kennarasambandsins, sem undirritaður var í lok febrúar. Alls voru tæplega 58.000 manns á kjörskrá í samningum á opinberum vinnumarkaði. Launahækkanir hjá ríki og sveitarfélögum eru almennt sambærilegar þeim á almenna markaðnum, auk þess sem vinnutímabreytingar voru skrifaðar inn í kjarasamninginn, sbr. rammagrein 2 í haustskýrslu KTN 2024. Þá var á opinberum markaði samið um sérstakan launatöfluauka til að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Séu forsendur fyrir greiðslu launatöfluauka kemur hann til framkvæmda með breytttri launatöflu þann 1. september 2025, 2026 og 2027.

Í byrjun maí 2025 var 16 kjarasamningum enn ólokið á vettvangi ríkisins, tveimur samningum á samningssviði sveitarfélaganna og einum samningi hjá Reykjavíkurborg. Samtals má áætla að þeir samningar sem ólokið er á opinberum vinnumarkaði nái til um 1.000 manns.

Mynd 4.5. *Fjöldi á kjörskrá að baki kjarasamningum á samningssviði ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar í samningalotunni*



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Samningar aðildarfélag BSRB við ríki og sveitarfélög

Flest aðildarfélög BSRB luku samningum við ríki, sveitarfélög, Reykjavíkurborg, félög í eigu hins opinbera og sjálfseignarstofnanir á tímabilinu frá júní–desember 2024. Samningur Landssambands lögreglumanna við ríkið frá því í júní 2024 var felldur, en nýr samningur var undirritaður í desember sama ár og samþykktur í kosningu í kjölfarið. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) felldi kjarasamning við ríkið í október 2024, en nýr samningur var undirritaður í apríl 2025. Þá felldu félagar í LSS kjarasamning við SNS í febrúar 2025, en undirrituðu nýjan samning síðar í sama mánuði. Kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands við ríkið var vísað til gerðardóms í júní 2024 og lá niðurstaða fyrir í september, þar sem kjarasamningur var framlengdur ásamt launahækkunum til 4 ára.

Alls hafa aðildarfélög BSRB gert 13 kjarasamninga við ríkið í þessari samningalotu fyrir um 8.600 manns, 16 samninga við SNS fyrir um 7.200 manns og tvo samninga við Reykjavíkurborg fyrir um 5.700 manns. Samið var um launahækkanir á sambærilegum nótum og í þeim samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Kjarasamningarnir gilda afturvirkir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028, nema kjarasamningarnir við opinber fyrirtæki, sem gilda afturvirkir frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar eða 1. febrúar 2028.

Ólokið er tveimur samningum sveitarfélaga við aðildarfélög BSRB vegna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningarmanna og Sjúkraliðafélags Íslands, auk samnings Félags íslenskra flugumferðastjóra við SA vegna ISAVIA. Þessir samningar ná samtals til um 200 manns, en öllum samningum aðildarfélag BSRB við ríkið og Reykjavíkurborg er lokið.

Samningar aðildarféлага BHM við ríki og sveitarfélög

Flest aðildarfélög BHM luku samningum við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg á síðustu mánuðum ársins 2024 og snemma árs 2025. Samningur Sálfræðingafélags Íslands við ríkið sem undirritaður var í janúar 2025 var felldur í atkvæðagreiðslu og er enn ólokið. Alls hafa aðildarfélög BHM gert 16 kjarasamninga við ríkið í þessari samningalotu fyrir um 7.300 manns, 10 samninga við SNS fyrir um 2.500 manns og 9 samninga við Reykjavíkurborg fyrir um tæplega 1.000 manns. Samið var um launahækkanir á sambærilegum nótum og í þeim samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Samningarnir eru allir afturvirkir frá 1. apríl 2024 og gilda til 31. mars 2028. Fjórum samningum aðildarféлага BHM við ríkið var ólokið í byrjun maí 2025, við Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sálfræðingafélag Íslands, en öllum kjarasamningum við sveitarfélög og Reykjavíkurborg er lokið.

Samningar aðildarféлага KÍ við ríki og sveitarfélög

Sameiginlegur samningur ríkis og sveitarféлага við öll aðildarfélög Kennarasambands Íslands var undirritaður í lok febrúar 2025 og gildir til loka mars 2028. Samningurinn tekur til rúmlega 11.100 félagsmanna KÍ, en samningar aðildarfélaganna höfðu verið lausir frá því á tímabilinu 31. mars–31. maí 2024.

Verkföll í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum hófust 29. október 2024. Hlé var gert á aðgerðum 29. nóvember eftir samþykkt innanhústillögu ríkissáttasemjara, sem fól m.a. í sér uppgjör launahækkana um 3,95%, frá því samningar losnuðu og fram til 1. janúar 2025. Verkföll hófust aftur 1. febrúar 2025, en aðgerðum lauk með undirritun kjarasamnings þann 25. febrúar 2025. Verkföllin náðu til 33 skóla og lögðu samtals 1.226 félagsmenn KÍ niður störf á einhverjum tímamarki. Verkföllin voru ýmist tímabundin eða ótímabundin. Þau stystu stóðu í 5 daga en þau lengstu stóðu samanlagt í 41 dag.

Nýmæli er að ríki og sveitarfélög geri saman einn samning við öll aðildarfélög KÍ. Samningurinn byggir á innanhústillögu ríkissáttasemjara, sem felur í sér að kjarasamningar aðildarfélaganna framlengjast til 31. mars 2028. Kjarni tillögunnar er að unnið verði að gerð virðismatskerfis sem lagt verður til grundvallar launasetningu félagsfólks KÍ. Laun hækka samkvæmt tillögunni um 3,5% 1. apríl ár hvert á samningstímanum, en þó að lágmarki um 23.750 kr. Auk þess kom til innaborgunar á grundvelli samkomulags um virðismat 1. febrúar 2025. Innaborgunin tók mið af bráðabirgðamati á störfum kennara sem unnið var í starfsmatskerfi. Laun þeirra sem taka laun eftir samningum KÍ og Sambands íslenskra sveitarféлага hækkuðu um 8%, en hækkunin nam 3,5% til þeirra sem taka laun eftir samningum KÍ og ríkisins.

Í samningnum er að finna forsenduákvæði sem snýr að framgangi virðismatsverkefnisins. Það felur í sér að náist ekki samkomulag um innleiðingu virðismatsins geti samningar verið lausir frá 1. mars 2027. Ríkið og KÍ gerðu samkomulag í lok febrúar 2025 um breytingar á vinnutímakafla kjarasamnings sem tekur til rúmlega 1.500 framhaldsskólakennara. Breytingarnar snúa einkum að auknu forræði skólameistara á tíma ætluðum til starfsþróunar og vinnu annarrar en kennslu. Breytingarnar voru samþykktar í atkvæðagreiðslu meðal framhaldsskólakennara og munu þær taka gildi frá og með skólaárinu 2025–2026. Vegna þeirra hækka laun félagsfólks KÍ í framhaldsskólum um 2% frá 1. ágúst 2025.

Auk framangreindra samninga hefur Félag leikskólakennara gert fjóra kjarasamninga við einkarekna leikskóla, og Félag framhaldskólakennara ásamt Félagi stjórnenda í framhaldsskólum gert fjóra kjarasamninga við einkarekna framhaldsskóla. Þessir samningar, sem eru í öllum aðalatriðum sambærilegir þeim sem gerðir voru við ríkið og sveitarfélögin, taka samtals til um 700 manns.

Rammagrein 3 - Miðlunartillaga og innanhústillaga ríkissáttasemjara

Í vinnulöggjöfinni eru ákvæði sem varða heimildir ríkissáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu ef samningaumleitanir bera ekki árangur. Slíka tillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Í lögunum er kveðið á um að sáttasemjara beri að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu. Þá eru í lögunum sett ýmis frekari skilyrði fyrir því að sáttasemjari megi leggja fram miðlunartillögu.

Ríkur þáttur í starfsháttum ríkissáttasemjara á grundvelli þessara reglna hefur lengi verið að áður en kemur að því að setja fram eiginlega miðlunartillögu, þá hefur sáttasemjari í samráði við aðila mótað nálgun, sem stundum hefur leitt til þess að settar hafa verið fram það sem nefnt hefur verið „innanhússtillögu“. Í því felst að sáttasemjari dregur fram efni til lausnar deilu sem aðilar deilunnar hafa orðið ásáttir um sín á milli, en gerir sjálfur tillögur til miðlunar um þau atriði þar sem aðilana skilur að. Hann ber svo tillögur eða útfærslur milli aðila þar til honum hefur tekist að finna flöt sem samninganefndir beggja aðila hafa fallist á, eða sem hann að minnsta kosti telur að þær gætu fallist á. Samþykki innanhússtillögu felur því í sér að sama staða kemur upp eins og ef kjarasamningur hefur verið undirritaður.

Munurinn á miðlunartillögu og innanhússtillögu er því í einfaldri mynd sá að miðlunartillögu ber að leggja fyrir þá sem atkvæðisréttar njóta úr ranni stéttarfélagi eða atvinnurekenda en innanhússtillaga kemur því aðeins til afgreiðslu hinna sömu að samninganefndir aðila hafi fallist á að bera slíka tillögu undir atkvæði.

Samningar aðildarféлага ASÍ við ríki og sveitarfélög

Gengið hefur verið frá samningum fyrir nær allt launafólk innan raða ASÍ sem starfar hjá hinu opinbera. Starfsgreinasamband Íslands undirritaði í júní 2024 kjarasamninga við Samninganefnd sveitarféлага (SNS) og samninganefnd ríkisins. Þá undirrituðu Matvís, RSÍ, VM og Samiðn einnig kjarasamninga við SNS og Reykjavíkurborg í júní 2024 og loks samdi RSÍ við ríkið í lok október. Efling stéttarfélag undirritaði kjarasamning við Reykjavíkurborg í júní, við ríkið í lok ágúst og samninganefnd sveitarfélaganna í lok október 2024. Alls hafa aðildarfélög innan ASÍ í samningalotunni gert 4 samninga við ríkið fyrir um 1.800 manns, 9 samninga við SNS, sem ná til um 5.500 manns, og 3 samninga við Reykjavíkurborg fyrir um 2.400 manns. Samningarnir gilda allir afturvirkir frá 1. apríl 2024–31. mars 2028 og fylgja launahækkanir samningum sem undirritaðir hafa verið á almennum vinnumarkaði.

Í október 2024 undirrituðu Efling og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kjarasamning vegna um 2.300 manns sem starfa á hjúkrunarheimilum, á sambærilegum nótum og aðrir samningar, en honum fylgir samkomulag við stjórnvöld um að unnið verði að bættri mönnun á hjúkrunarheimilum og forsenduákvæði sem heimilar uppsögn samningsins gangi það ekki eftir fyrir 1. maí 2025. Með vísan til forsenduákvæðisins sagði Efling í lok febrúar upp samningnum og voru viðræður yfirstandandi við frágang skýrslunnar.

Einu samningum ASÍ félaga sem var ólokið í byrjun maí 2025 á opinberum vinnumarkaði eru samningar ríkisins við Matvís og VM vegna Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknarstofnunar.

Aðrir kjarasamningar

Af hópum sem standa utan heildarsamtaka má helst nefna að ríkið undirritaði kjarasamninga við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og við Læknafélag Íslands í nóvember 2024 og gilda báðir samningarnir til 31. mars 2028. Þá samdi Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga við sveitarfélög, Reykjavíkurborg og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu í nóvember og desember 2024.

Þá gera einstök stéttarfélög ýmsa kjarasamninga við einstaka fyrirtæki og stofnanir sem standa utan samtaka launagreiðenda og er þeirra stærst Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Gert er grein fyrir tölfræði um þessa samninga í töflum aftast í kaflanum undir heitinu *Aðrir aðilar*.

Samningar sjómanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem verið höfðu lausir frá því í árslok 2019, voru undirritaðir í febrúar 2024, en áður höfðu sjómenn felld samning í febrúar 2023. Samningurinn er til 10 ára með uppsagnarmöguleika að fimm árum liðnum.

4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá

Við talningu á fjölda kjarasamninga miðar KTN nú við fjölda atkvæðagreiðslna sem fram fara um samninga. Þegar félög hafa samflot í samningum og atkvæðagreiðslu líkt og t.a.m. 17 SGS félög gerðu í samningum við SA og öll félög KÍ í samningum við ríki og sveitarfélög í þessari lotu, telst það sem einn kjarasamningur þar sem öll félög innan samflotsins eru bundinn af sameiginlegri niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Þegar lagt er mat á þann fjölda launamanna sem samningarnir ná til er miðað við fjölda sem er á kjörskrá stéttarféлага þegar kosið er um samninginn. Algengt er að félög hafi samflot í samningaviðræðum og kjarasamningsgerð, en greiði atkvæði hvert í sínu lagi um samninginn og teljast það því margir samningar. Hafa þarf í huga þegar skýrslur KTN eru skoðaðar aftur í tímann, að samflot í viðræðum og atkvæðagreiðslum félaga er breytilegt milli samningalota.

Alls má áætla að gerðir hafi verið 249 kjarasamningar á vettvangi þeirra aðila sem aðild eiga að kjaratölfræðinefnd í núverandi samningalotu, sem hófst í mars 2024, og var félagsfólk á kjörskrá stéttarféлага í þessum samningum tæplega 189.000.

Tafla 4.1. Áætlaður fjöldi samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028)

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka
Samtök atvinnulífsins	65	6	14	1	18
Ríki	4	16	13	1	6
Reykjavíkurborg	3	9	2		3
Sveitarfélög utan Rvk.	9	10	16		4
Aðrir aðilar	23	11	11	6	-
Samtals	104	52	56	8	29

Tafla 4.2. Fjöldi á kjörskrá samþykktra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028)


	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka
Samtök atvinnulífsins	108.000	100	1.600	350	12.600
Ríki	1.800	7.300	8.600	11.100	4.300
Reykjavíkurborg	2.400	1.000	5.700		100
Sveitarfélög utan Rvk.	5.500	2.500	7.200		200
Aðrir aðilar	5.600	550	1.700	350	-
Samtals	123.300	11.450	24.800	11.800	17.200

5. Laun eftir heildarsamtökum


5.1. Inngangur

Í kaflanum eru settar fram upplýsingar úr skýrslunni sundurliðaðar fyrir heildarsamtök launafólks: ASÍ, BHM, BSRB og KÍ


Mynd 5.1. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum ASÍ í núverandi kjarasamningslotu (2024–2028)*




Mynd 5.2. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fyrir fullvinnandi hjá ASÍ árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.3. *Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.4. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ árið 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tafla 5.1. Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan ASÍ frá janúar 2024 til janúar 2025


		Alls	Karlar	Konur
Alls	Almenni	10,5%	10,4%	10,9%
Iðn- og tæknifólk	Almenni	10,4%	10,4%	11,6%
Verslunarfólk	Almenni	10,3%	10,0%	10,7%
Verkfólk	Almenni	11,2%	10,9%	11,8%
Alls	Ríki	6,5%	6,1%	6,7%
Alls	Reykjavík	6,5%	6,6%	6,4%
Alls	Sveit án Rvík	6,8%	6,4%	6,9%

5.3. BHM


Mynd 5.5. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BHM í núverandi kjarasamningslotu (2024–2028)*




Mynd 5.6. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fyrir fullvinnandi innan BHM árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.7. Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BHM árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna




Mynd 5.8. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BHM árið 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna




Tafla 5.2. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BHM frá janúar 2024 til janúar 2025*

	Alls	Karlar	Konur
Almennir	11,0%	11,2%	10,9%
Ríki	5,3%	4,9%	5,5%
Reykjavík	5,0%	4,7%	5,1%
Sveit án Rvík	6,2%	7,1%	6,0%


5.4. BSRB


Mynd 5.9. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BSRB í núverandi kjarasamningslotu (2024–2028)*

Mynd 5.10. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fyrir fullvinnandi innan BSRB árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna



Mynd 5.11. Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan BSRB árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna




Mynd 5.12. *Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB árið 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna*Tafla 5.3. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BSRB frá janúar 2024 til janúar 2025*


	Alls	Karlar	Konur
Almennir	13,2%	13,2%	13,0%
Ríki	6,2%	5,8%	6,3%
Reykjavík	5,9%	5,8%	6,0%
Sveit án Rvík	6,7%	6,9%	6,6%

5.5. KÍ


Mynd 5.13. *Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum KÍ í núverandi kjarasamningslotu (2024–2028)*




Mynd 5.14. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fyrir fullvinnandi innan KÍ árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.15. *Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan KÍ árið 2024 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna*



Mynd 5.16. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur innan KÍ árið 2024, mánaðarlaun í þúsundum króna



Tafla 5.4. Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan KÍ frá janúar 2024 til janúar 2025

	Alls	Karlar	Konur
Ríki	0,9%	1,0%	0,9%
Reykjavík	5,1%	5,3%	5,0%
Sveit án Rvík	5,4%	5,1%	5,5%

Viðauki I

Atvinnugreinaflokkunin

Í köflum 2–3 er efnahagsstarfsemi og vinnumarkaði skipt eftir atvinnugreinum. Atvinnugreinaflokkunin byggir á meðfylgjandi skiptingu.

Hjá opinbera:

- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)
- Fræðslustarfsemi (P)
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)

Iðnaður og byggingarstarfsemi:

- Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu (B)
- Framleiðsla (C)
- Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)
- Vatnsveitur, fráveitur, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)

Ferðaþjónusta¹⁷

- Flutningar og geymsla (H)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N)

Þjónusta án ferðaþjónustu:

- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi (K)
- Fasteignaviðskipti (L)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)

Verslun:

- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)

Sjávarútvegur:

- Fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Fiskvinnsla (undir C10-12): Hagstofan birtir ekki vinnumagn sérstaklega fyrir fiskvinnslu. Á myndum 1.11 og 2.2 er fiskvinnsla skráð undir iðnaði og byggingarstarfsemi þar sem fiskvinnsla er undir framleiðslu (C). Á myndum 1.4 og 1.13 er fiskvinnsla undir sjávarútvegi.

Annað:

- Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A), utan fiskveiðar og fiskeldi (A03)
- Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R)
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (S), utan viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota (S95)
- Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota (T)
- Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U)

¹⁷ Hér er byggt á víðari skilgreiningu á ferðaþjónustu en skilgreining Hagstofunnar á einkennandi greinum ferðaþjónustu.

Viðauki II

Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup. Hagstofa Íslands gefur út vísitölu grunnlauna sem er sambærileg, en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi, en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og mörkuðum, sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: Almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði nær til félagsfólks innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Eflingar, Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólks stéttarféлага iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). ASÍ-iðnfélög eru samböndin og félögin Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS. Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarféлага (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélag ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarféлага KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar, þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarféлага og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna [hér](#) (sjá bls. 11–22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef kjaratölfræðinefndar www.ktn.is.

Viðauki III

Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunntímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldir í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið **Launaauki** er ný skilgreining kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmestar í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjors vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjóri vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Viðauki IV

Skipulag íslensks vinnumarkaðar

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á íslenskum vinnumarkaði grundvallast aðallega á kjarasamningum sem byggðir eru ofan á lágmarksreglur í lögum. Samskiptareglur verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, t.d. er varða gildissvið kjarasamninga og vinnustöðvanir, byggja á settum lögum. Dómar Félagsdóms um brot, túlkun og gildi kjarasamninga og dómar Landsréttar og Hæstaréttar gegna jafnframt veigamiklu hlutverki. Frá því Ísland gerðist aðili að EES árið 1993 hafa flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði átt rætur sínar að rekja til tilskipana ESB og kjarasamninga heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á EES svæðinu.

Vinnumarkaðurinn á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað. Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem gilda um almennan vinnumarkað mæla fyrir um að laun og önnur starfskjör, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti fer á opinberum vinnumarkaði um gildissvið kjarasamninga, sbr. 7.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 44 aðildarfélög og er félagsfólk um 147 þúsund. Þar af eru rúmlega 132 þúsund virk á vinnumarkaði.

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna, með 19 aðildarfélög og um 25 þúsund félagsmenn. Bandalag háskólamanna (BHM) eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði, með 24 aðildarfélög og rúmlega 18 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, með sjö aðildarfélög og um 12 þúsund félagsmenn.

Mynd IV.1. Skipulag launafólks á vinnumarkaði

Heildarsamtök				Utan heildarsamtaka	Utan stéttarfélags
					
ASÍ Alþýðu- samband Íslands	BSRB Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BHM Bandalag háskóla- manna	KÍ Kennara- samband Íslands	Stéttarfélög utan bandalaga	Launafólk utan stéttarfélags
44 aðildarfélög	19 aðildarfélög	24 aðildarfélög	7 aðildarfélög	~40 félög	
147.000 félagsmenn	25.000 félagsmenn	18.000 félagsmenn	12.000 félagsmenn		

Mynd IV.2. *Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði*

Heildarsamtök				Aðrir atvinnurekendur
				
Samtök atvinnulífsins	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavíkurborg	Samband íslenskra sveitarfélaga	Aðrir atvinnurekendur innan og utan samtaka
Yfir 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar	Fer með umboð fyrir flest sveitarfélög	10 samtök 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka
Um 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum	Semur við 82 stéttarfélög	Semur við 19 stéttarfélög	Semur við 58 stéttarfélög	Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum

Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarféлага og koma fram fyrir þeirra hönd. Rétturinn til að gera kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka, eða að hópur féлага tekur sig saman og semur í sameiningu. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum, en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helstu þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, auk stéttarféлага ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.¹⁸ Þessu til viðbótar er hópur launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn vinnuveitenda eða taka laun samkvæmt lögum. Upplýsingar um bakgrunn þeirra eru af skornum skammti, en þarna er m.a. að finna kjörna fulltrúa, ráðherra, dómara, forstjóra og forstöðumenn og stundakennara í háskólum.

Helstu viðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins, sem eru heildarsamtök atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Áætla má að samningar SA nái til um 70% alls launafólks á vinnumarkaðnum í heild sinni og til um 98% launafólks á almennum vinnumarkaði.¹⁹

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins (SNR) umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar, sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur, að undanskildum samningum við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

18 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

19 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögunum, en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur, en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um þá starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögunum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Fjármála- og efnahagsráðherra fer að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir fyrir einstaka sveitarfélaga.

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði, en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbannsrétt, en ekki er mælt fyrir um verkbannsrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu, en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

